

---

Viðskiptadeild

**Fjárhagsleg áhrif Menntaskóla Borgarfjarðar:**

Hver voru fjárhagsleg áhrif Menntaskóla Borgarfjarðar  
á Borgarbyggð og hver voru áhrif hans á fjárhag heimila  
í Borgarbyggð á tímabilinu 2007-2021

---

Ritgerð til B.S gráðu

Nafn nemanda: Helga Halldórsdóttir

Leiðbeinandi: Árni Sverrir Hafsteinsson

Haustönn – 2022



**HÁSKÓLINN Á BIFRÖST**  
BIFRÖST UNIVERSITY



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY

---

## Staðfesting lokaverkefnis

Ritgerð þessi er 14 eininga lokaverkefni til B.S gráðu  
í viðskiptafræði við Háskólann á Bifröst

Titill verkefnis:

### **Fjárhagsleg áhrif Menntaskóla Borgarfjarðar:**

Hver voru fjárhagsleg áhrif Menntaskóla Borgarfjarðar  
á Borgarbyggð og hver voru áhrif hans á fjárhag heimila  
í Borgarbyggð á tímabilinu 2007-2021

Höfundur:

**Helga Halldórsdóttir**

Háskólinn á Bifröst

Haustönn 2022

**Einkunn:** \_\_\_\_\_

---

**Stimpill skóla**

---

## Útdráttur

Menntaskóli Borgarfjarðar hóf starfsemi sína árið 2007 í Borgarnesi. Skólinn er staðsettur í húsinu Hjálmakletti en húsið er jafnframt menningarhús Borgarbyggðar. Húsið var byggt á árunum 2006-2008. Sveitarfélagið eignaðist húsið árið 2010 og er það fært í ársreikning Borgarbyggðar sem B hluta fyrirtæki. Sveitarfélagið greiðir framlag til reksturs hússins vegna menningarhúss og millifærir einnig innri leigu frá stofnunum sveitarfélagsins fyrir notkun þess. Menntaskólinn greiðir ákveðna upphæð í húsaleigu til Borgarbyggðar en húsið er líka leigt út til almennra nota.

Í þessari rannsókn var leitast við að draga fram, með kostnaðar- og ábata greiningu hvaða fjárhagslegu áhrif Menntaskóli Borgarfjarðar hefur haft á Borgarbyggð og fjárhag heimila í Borgarbyggð árin 2007-2021. Notaðar voru upplýsingar úr ársreikningum Borgarbyggðar og Menntaskóla Borgarfjarðar. Gerð var kostnaðar- og ábatagreining og því til viðbótar voru tekin viðtöl við fimm einstaklinga sem þekkja vel rekstur Menntaskólans og sveitarfélagsins.

Helstu niðurstöður sýna að Menntaskólinn er rekinn með hagnaði og sömuleiðis húsið Hjálmaklettur. Kostnaðar- og ábatagreining yfir 15 ára tímabil gefur til kynna heildar kostnað umfram ábata fyrir sveitarfélagið að upphæð 866 milljónir. Ábati vegna nemenda í heimabyggð vegna skólans er á móti áætlaður 1.197 milljónir. Niðurstöðutölur gefa til kynna að mikilvægt sé að auka starfsemi og rekstrartekjur Hjálmakletts og fjölgun nemenda yrði mikill styrkur fyrir skólann. Þau viðtöl sem tekin voru benda til þess að skólinn styrki samfélagið, menntunarstig hafi hækkað og að tækifæri séu mörg til framtíðar.

Lykilhugtök: Kostnaðar- og ábatagreining, opinber störf, hagrænt gildi menntunar, menningarhús, menntaskóli.

---

## Abstract

Menntaskóli Borgarfjarðar began its operations in 2007 in Borgarnes. The school is located in the Hjálmakletti building, which is also cultural house of Borgarbyggd region. The house was built between 2006 and 2008 and the municipality acquired by in 2010. Borgarbyggd pays a contribution to the operation of the building as a cultural house, whilst the school pays a certain amount in rent to the municipality.

The study is focused on the financial impact of the operation of the Hjálmaklett building and the school that has had on Borgarbyggd and the finances of households in the years 2007-2021. Information from the annual accounts of Borgarbyggð and the school was used. A cost and benefit analysis was made and interviews with five people who know the school and the municipality of Borgarbyggð well were conducted.

The main results show that the school and the house are run with profit. A cost-benefit analysis indicates the total costs in excess of benefit for the municipality in the amount of 866 million ISK. On the other hand, the benefit for families of students in the local area due to the school is estimated at 1.197 million ISK. The results reveal that it is important to increase Hjálmaklett's operating income and increase the number of students at the school. The interviews indicate that the school strengthens the community and the level of education has risen and that there are many opportunities for the future.

Key words: Cost-benefit analysis, public employment, economic value of education, cultural house, high school.

---

## Formáli

Ritgerð þessi er 14 eininga lokaverkefni til B.S gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum á Bifröst. Ritgerðin var unnin á tímabilinu ágúst til desember 2022.

Ritgerðin er mitt verk og unnin í samræmi við gildandi viðmið og kröfur sem Háskólinn á Bifröst setur.

Í námi mínu við Háskólann á Bifröst vöktu athygli mína og áhuga ýmsar rannsóknir og samanburður varðandi þjóðarbúskap í tengslum við þjóðhagfræði. Námið í heild sinni hefur verið mjög gagnlegt og margir áfangar opnað augu mín fyrir aðferðum og nálgunum sem munu nýtast mér vel í framtíðinni.

Í misserisverkefnum mínum þessi ár í náminu fannst mér áhugavert að skoða ýmsar samfélagsgerðir, samanburð milli sveitarfélaga og þjóðhagsreikninga. Þar sem ég þekki til Menntaskóla Borgarfjarðar og er búsett í Borgarbyggð þá vaknaði áhugi minn á að nálgast þetta efni sem hér er rannsakað og nýta til þess aðferðir sem ég hef tileinkað mér í náminu.

Leiðbeinandi minn í verkefninu var Árni Sverrir Hafsteinsson og hann fær þakkir fyrir afar faglega og góða leiðsögn meðan á vinnslu verkefnisins stóð. Vinkona mín Kristín María Valgarðsdóttir fær bestu þakkir fyrir yfirlestur og börnin mín sömuleiðis fyrir yfirlestur og góð ráð. Viðmælendum verkefnisins vil ég þakka fyrir að gefa sér tíma til að taka þátt í rannsókninni.

Vinnuveitandi minn, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, fær miklar þakkir fyrir tillitssemi og velvilja vegna vinnu minnar meðan á náminu stóð. Það var mikils virði.

Sérstakar þakkir fær fjölskylda mín sem hefur sýnt mér mikinn skilning og hvatningu í náminu frá upphafi. Eiginmaður minn Gunnar Jónsson fær sérstakar þakkir fyrir þolinmæðina þessi ár.

Helga Halldórsdóttir

---

# Efnisyfirlit

Útdráttur .....	iv
Abstract .....	v
Formáli .....	vi
Myndaskrá .....	ix
Töfluskrá .....	ix
<b>1. Inngangur.....</b>	<b>1</b>
1.1 Markmið .....	2
1.2 Fræðilegt og hagnýtt gildi .....	2
1.3 Rannsóknarspurning .....	2
1.4 Kynning á aðferðafræði.....	3
1.5 Annmarkar.....	3
1.6 Uppbygging ritgerðar .....	4
<b>2. Fræðilegur bakgrunnur .....</b>	<b>4</b>
2.1 Framhaldsskólar á Íslandi .....	4
2.2 Hagrænt gildi menntunar.....	9
2.3 Menntaskóli Borgarfjarðar .....	11
2.4 Bygging Hjálmakletts.....	14
2.5 Sveitarfélagið Borgarbyggð .....	16
2.6 Aldurssamsetning .....	16
2.7 Opinber störf .....	18
<b>3. Aðferðafræði og afmörkun viðfangsefnis.....</b>	<b>19</b>
3.1 Eigindleg aðferð .....	19
3.2 Meginndleg aðferð .....	20
3.3 Kostnaðar- og ábatagreining .....	20
3.4 Þátttakendur.....	22
3.5 Mælitæki og framkvæmd .....	22
3.6 Réttmæti og áreiðanleiki .....	22
3.7 Siðferðileg álitamál .....	23
3.8 Greining.....	24
<b>4. Viðtalsrannsókn.....</b>	<b>24</b>
4.1 Viðtöl.....	24
4.1.1 Styrkleikar .....	25
4.1.2 Veikleikar .....	25
4.1.3 Ógnanir .....	25

---

4.1.4 Tækifæri.....	26
4.1.5 Staða MB innan samfélagsins .....	26
4.1.6 Áhrif MB á sveitarfélagið .....	27
4.1.7 Þróun MB á næstu árum .....	27
4.1.8 Annað .....	28
4.1.9 Þemagreining .....	28
4.1.10 Fjárhagsleg áhrif .....	28
4.1.11 Nútíð .....	29
4.1.12 Framtíð .....	30
4.2 Samantekt viðtalsrannsóknar .....	31
<b>5. Kostnaðar- og ábatagreining.....</b>	<b>31</b>
5.1 Rekstur Menntaskóla Borgarfjarðar .....	32
5.2 Rekstur Hjálmakletts .....	32
5.3 Skuldbinding Borgarbyggðar .....	34
5.4 Sundurliðun á kostnaðar- og ábatagreiningu.....	34
5.4.1 Afborgun lána.....	35
5.4.2 Vaxtagjöld og verðbætur .....	35
5.4.3 Afskriftir .....	36
5.4.4 Annar rekstrarkostnaður .....	36
5.4.5 Húsvarsla .....	36
5.4.6 Millifærsla vegna menningarhúss .....	36
5.4.7 Notkun á íþróttamannvirkjum .....	36
5.4.8 Fasteignagjöld.....	37
5.4.9 Húsaleiga til Menntaborgar ehf.....	38
5.4.10 Einskiptis kostnaður .....	38
5.4.11 Húsaleiga frá MB til Borgarbyggðar.....	38
5.4.12 Önnur leiga .....	38
5.4.13 Tekjur frá nemendum .....	39
5.4.14 Mötuneyti.....	39
5.4.15 Annað .....	39
5.4.16 Útsvar.....	39
5.5 Samantekt kostnaðar- og ábatagreiningar .....	39
5.6 Ábati nemenda í heimabyggð.....	41
<b>6. Niðurstöður og umræður.....</b>	<b>43</b>
<b>7. Lokaorð .....</b>	<b>46</b>



<b>8. Heimildaskrá .....</b>	<b>47</b>
<b>9. Viðaukar.....</b>	<b>54</b>
9.1 Viðauki 1. Trúnaðarbréf.....	54
9.2 Viðauki 2. Viðtalsrammi.....	55
9.3 Viðauki 3. Heildartafla kostnaðar- og ábatagreiningar .....	56

## Myndaskrá

<b>Mynd 1</b> Nemendafjöldi og brautskráðir frá MB 2007-2021. ....	12
<b>Mynd 2</b> Fjöldi stöðugilda í MB 2007-2021.....	13
<b>Mynd 3</b> Skipurit MB. ....	14
<b>Mynd 4</b> Aldurstré fjögurra sveitarfélaga 2007 og 2021. ....	17
<b>Mynd 5</b> Opinber störf í Borgarbyggð 2021.....	19
<b>Mynd 6</b> Rekstrarniðurstaða MB 2007-2021.....	32
<b>Mynd 7</b> Rekstrarniðurstaða Hjálmakletts 2011-2021.....	33
<b>Mynd 8</b> Kostnaður eða ábati ár hvert 2007-2021.....	40
<b>Mynd 9</b> Áætlaður ábati nemenda í heimabyggð árin 2007-2021 .....	42

## Töfluskrá

<b>Tafla 1</b> Fjöldi framhaldsskóla á landinu.....	5
<b>Tafla 2</b> Fjöldi hefðbundinna framhaldsskólar. ....	6
<b>Tafla 3</b> Aðrir viðurkenndir framhaldsskólar.....	7
<b>Tafla 4</b> Kostnaður á ársnemenda. ....	8
<b>Tafla 5</b> Liðir sem notaðir eru í kostnaðar- og ábatagreiningu. ....	35
<b>Tafla 6</b> Sviðsmyndagreining mismunandi prósentu hlutfalla notkun á íþróttamannvirkjum. ....	37
<b>Tafla 7</b> Niðurstaða kostnaðar- og ábatagreiningar 2007-2021 .....	40
<b>Tafla 8</b> Sviðsmyndagreining - mismunandi prósentu hlutfall ábata nemendafjölda MB.....	42
<b>Tafla 9</b> Viðauki - Heildartafla kostnaðar- og ábatagreiningar.....	56

---

# 1. Inngangur

Menntaskóli Borgarfjarðar (Hér eftir MB) var settur í fyrsta sinn árið 2007. Skólinn hefur aðsetur sitt í húsi sem reis á árunum 2006-2008 og ber nafnið Hjálmaklettur. Húsið var fyrstu árin í eigu Fasteignafélagsins Menntaborgar ehf en hefur verið í eigu Borgarbyggðar frá árinu 2011.

Húsið er skilgreint sem menningarhús sveitarfélagsins og kemur sveitarfélagið að rekstri þess með beinum hætti með rekstrarframlagi til menningarhússins. Menntaskóli Borgarfjarðar greiðir leigu fyrir sín afnot af húsinu og þá greiðir sveitarfélagið innri leigu frá stofnunum sínum fyrir afnot af húsinu og sú millifærða leiga kemur fram í B hluta ársreikninga sveitarfélagsins fyrir Hjálmaklett. Auk MB hefur hljóðver RÚV á Vesturlandi þar aðsetur (Borgarbyggð, 2022a). Þá er í kjallara hússins ýmis starfsemi á vegum sveitarfélagsins og salur til útleigu. Í nokkur ár hefur verið rætt um mikilvægi þess að húsið sé nýtt meira til útleigu eða fyrir annan rekstur á vegum sveitarfélagsins.

Stofnun MB var nokkuð óumdeild á sínum tíma innan samfélagsins í Borgarfirði, en bygging hússins var nokkuð umdeild. Byggingin þótti dýr og mörgum þótti hún þyngra rekstur sveitarfélagsins. Þá kom fram gagnrýni á staðsetningu hússins en það var byggt á gamla íþróttavellinum í Borgarnesi þar sem starfrækt höfðu verið tjaldsvæði um nokkurra ára bil. Húsið var byggt sem umgjörð fyrir MB en líka byggt sem menningarhús sveitarfélagsins og því var strax frá upphafi ekki gert ráð fyrir því að leigutekjur frá MB myndu einar og sér standa undir rekstri hússins.

Óefnisleg áhrif geta verið mikil á hvert samfélag og því verður rannsóknarefnið einnig nálgast út frá því að greina ákveðin viðhorf til skólans og áhrifa hans á samfélagið með viðtalsrannsókn.

Áhrif menntunar á hagvöxt er áhugavert rannsóknarefni og þó það sé ekki beint til umfjöllunar í þessari rannsókn þá tengist það á vissan hátt áhrifum MB á samfélagið. Því skoðar rannsakandi einnig skólasamfélag framhaldsskóla, möguleg áhrif á landsbyggðina og nokkrar skýrslu og rannsóknir sem fjalla um áhrif menntunar, arðsemi hennar og mannauð.

---

## 1.1 Markmið

Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á tekjur og gjöld sem runnið hafa í gegnum bæði MB og Borgarbyggð á þessum 15 árum sem skólinn hefur verið starfræktur. Því til viðbótar er sjónum beint að mögulegum ábata fjölskyldna í Borgarbyggð sem ekki þurfa að kosta ungling til náms fjarri heimabyggð. Einnig verða tekin viðtöl við einstaklinga sem þekkja til skólans og reksturs hans og Borgarbyggðar til að byggja enn frekar undir rannsóknina.

## 1.2 Fræðilegt og hagnýtt gildi

Með rannsókninni verður dregið fram hverju framhaldsskóli í tiltölulega fámennu samfélagi og umgjörð hans er að skila eða kosta samfélagið í fjárhagslegu tilliti. Niðurstöður rannsóknarinnar munu bæta við fræðilega þekkingu á þeim þáttum sem ekki hafa mikið verið rannsakaðir áður. Niðurstöður þessarar rannsóknar munu nýtast Menntaskóla Borgarfjarðar, sveitarstjórn Borgarbyggðar og íbúum í Borgarbyggð. Þá má búast við að niðurstöðurnar hafi hagnýtt gildi fyrir sveitarfélög og stjórnvöld almennt.

## 1.3 Rannsóknarspurning

Rannsóknarspurningin er tvíþætt. Skoðuð verða möguleg áhrif MB á fjárhag fjölskyldna innan Borgarbyggðar sem eiga nemendur í skólanum en jafnframt er rekstur hússins Hjálmakletts skoðaður og áhrif hans og skólans á fjárhag Borgarbyggðar.

Rannsóknarspurningin er þessi: „**Hver voru fjárhagsleg áhrif Menntaskóla Borgarfjarðar á Borgarbyggð og hver voru áhrif hans á fjárhag heimila í Borgarbyggð á tímabilinu 2007-2021**“.

Í rannsókninni eru í raun skoðuð þrjú fyrirtæki og upplýsingum um rekstur þeirra blandað saman. Það er Menntaskóli Borgarfjarðar sem er einkarekinn skóli og er leigutaki að hluta af húsinu Hjálmakletti, það er húsið Hjálmaklettur sem sveitarfélagið Borgarbyggð á og rekur og það er sveitarfélagið Borgarbyggð sem er stjórnsýslueiningin. Erfitt er að aðskilja þessar þrjár rekstrareiningar en þó gerð tilraun til þess í rannsókninni að greina hvaða þættir falla undir hverja þeirra. Rétt er að benda á að í rannsókninni er oft talað um sveitarfélagið Borgarbyggð en einnig er talað um samfélagið á mögum stöðum. Rannsakandi notar þannig bókhaldsleg gögn frá sveitarfélaginu Borgarbyggð og notar orðið samfélag víða þegar fjallað er um sveitarfélagið.

---

## 1.4 Kynning á aðferðafræði

Í rannsókninni er stuðst við meginlega rannsóknaraðferð þar sem unnið er með töluleg gögn sem fengust frá MB og Borgarbyggð og ýmsum aðilum, þar á meðal Byggðastofnum, Menntamálastofnun, Hagstofunni og Hagvísunum frá SSV. Við úrvinnslu gagnanna er unnið með lýsandi tölfræði (*e.descriptive statistics*), (Sigríður Halldórsdóttir, 2016). Unnið er með kostnaðar- og ábatagreiningu (*e.cost-benefit analysis*) þar sem viðfangsefnið er nálgast með samanburði á kostnaði og ábata og ávinningur metinn. Um er að ræða ex-post framkvæmd þar sem greiningin er gerð eftir að framkvæmd lýkur (Boardman o.fl., 2018). Einnig er stuðst við eigindlega rannsóknaraðferð þar sem tekin eru hálfstöðluð viðtöl við fimm einstaklinga innan þriggja stofnanna. Rannsakandi notast við tilgangsrúrtak (*e.purposive sampling*) við öflun viðmælenda þar sem þeir hafa góða þekkingu á stofnun MB, rekstri sveitarfélagsins og rekstri MB (Sigríður Halldórsdóttir, 2016).

Með því að nota bæði meginlega og eigindlega aðferð er rannsakandi að styðjast við samleitandi snið (*e.convergent parallel design*) þar sem meginleg og eigindleg gögn eru unnin og í lokin borin saman og tengd í lokin á rannsókninni (Sigríður Halldórsdóttir, 2016).

## 1.5 Annmarkar

Það liggja fyrir margar kostnaðar- og ábatagreiningar varðandi samgöngumannvirki og innan heilbrigðisgeirans en ekki liggja fyrir margar rannsóknir byggðar á ex-post aðferðinni þó þær geti verið mjög gagnlegar (Jong o.fl., 2019). Rannsóknarefnið hér miðast við 15 ára tímabil innan sveitarfélagsins Borgarbyggðar þar sem mikið liggur fyrir af gögnum fyrir árin 2007-2021. Helstu annmarkar varðandi framsetningu kostnaðar- og ábatagreiningar felast í þeirri hættu að gögnin séu ónákvæm en reynt er að bregðast við því með framsetningu sviðsmyndagreiningar (*e.scenario analysis*) og sýna þannig fram á breytileika. Kostnaður og ábati er hér skoðaður yfir ákveðið tímabil í rannsókninni en ekki til endanlegs tíma. Villa í gögnum getur haft áhrif á niðurstöðuna.

Rannsókn af öðrum toga hefði jafnvel þýtt umfangsmikla spurningakönnun til allra nemenda og foreldra/forráðamanna nemenda MB, umfangsmeiri viðtalsrannsókn og dýpri og umfangsmeiri vinnu við kostnaðar- og ábatagreiningu. Þó þessir annmarkar séu á rannsókninni þá telur rannsakandi að hún dragi fram góða mynd af viðfangsefninu og gefi svar við rannsóknarspurningunni.

---

## 1.6 Uppbygging ritgerðar

Ritgerðin er þannig uppbyggð að í fyrsta kafla er inngangur, fjallað er um markmið rannsóknarinnar, fræðilegt og hagnýtt gildi og rannsóknarspurningu, aðferðafræðin verður kynnt, rætt um annmarka og uppbyggingu ritgerðar.

Í öðrum kafla er dreginn fram fræðilegur bakgrunnur og farið yfir stöðu framhaldsskóla almennt, hagrænt gildi menntunar og fjallað um Menntaskóla Borgarfjarðar, byggingu hússins Hjálmakletts, sveitarfélagið Borgarbyggð, aldurssamsetningu sveitarfélagsins árin 2007 og 2021 og opinber störf á landsbyggðinni og þýðingu þeirra.

Þriðji kafli fjallar um aðferðafræði sem beitt er við vinnu rannsóknarinnar og afmörkun viðfangsefnisins. Þar er kynnt hvernig gagnaöflun fór fram og rætt um þátttakendur. Þar er einnig greint frá úrvinnslu, réttmæti og áreiðanleika, siðferðilegum álitamálum og greiningu.

Í fjórða kafla er farið yfir viðtalsrannsókn og gerð grein fyrir því sem þar kemur fram og fjallað um þemagreiningu og farið yfir helstu niðurstöður.

Í fimmta kafla er farið yfir tölur vegna reksturs Hjálmakletts og rekstur MB og skuldbindingu Borgarbyggðar. Í fimmta kafla er jafnframt kostnaðar- og ábatagreining og farið yfir hvern lið sem þar er notaður. Þar er dreginn fram mögulegur ábati fjölskyldna nemenda í MB.

Í sjötta kafla eru settar fram niðurstöður og umræður og sjöundi kafli inniheldur lokaorð. Í áttunda kafla er heimildaskrá og í níunda kafla eru viðaukar.

## 2. Fræðilegur bakgrunnur

Í þessum kafla verður farið heildstætt yfir fjölda og staðsetningu framhaldsskóla á landinu eins og staðan er í dag og fjallað um hagrænt gildi menntunar. Menntaskóli Borgarfjarðar og stofnun hans og starfsemi er kynnt, fjallað um byggingu hússins sem ber nafnið Hjálmaklettur og fjallað um sveitarfélagið Borgarbyggð. Skoðuð verður aldurssamsetning innan sveitarfélagsins og hlutdeild þess í opinberum störfum á Vesturlandi.

### 2.1 Framhaldsskólar á Íslandi

Í byrjun tuttugustu aldar voru einungis tveir til þrjár bóknámsskólar á landinu öllu. Þangað komust helst börn efnaðra foreldra eða nemendur sem styrktir voru, til náms. Á sjöunda

áratug síðustu aldar var hinsvegar tekið stórt skref í uppbyggingu menntastofnanna víða um land.

Ef horft er til baka og sagan skoðuð þá virðist vera að ýmsar hömlur hafi verið settar á nám til stúdentsprófs á fyrri hluta tuttugustu aldar. Einungis fáir skólar fengu leyfi til að útskrifa stúdenta. Svo virðist sem framámenn Íslands og fleiri hafi haft áhyggjur af of miklum fjölda stúdenta og háskólamanna. Héraðsskólar, húsmæðraskólar og bændaskólar áttu að uppfylla þrá unga fólksins í dreifbýli til að mennta sig (Árni Daníel Júlíusson o.fl., 1993). Ótaldir eru hér aðrir sérgreindir skólar og þeir iðnskólar sem reknir voru víða um land og meðal annars í Borgarnesi árin 1949 – 1987 (Egill Ólafsson og Heiðar Lind Hansson, 2017). Ekki mun rannsakandi gera hér fulla grein fyrir námi og skólastofnunum nítjándu og tuttugustu aldar heldur er hér verið að skoða og fjalla um þá skóla sem skilgreindir eru í dag af yfirvöldum sem framhaldsskólar.

Í lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 er tilgreint að nám á framhaldsskólastigi sé skipulagt sem framhald af námi á grunnskólastigi. Þar er jafnframt tilgreint að opinber framhaldsskóli sé ríkisstofnun en ráðherra geti eftir atvikum í samstarfi við sveitarfélög haft frumkvæði af því að stofna opinberan framhaldsskóla. Þar er líka kveðið á um að í aðalnámskrá framhaldsskóla séu markmið og fyrirkomulag náms (Lög um framhaldsskóla nr. 92, 2008). Auk laga um framhaldsskóla eru fjölmargar reglugerðir sem ramma enn betur inn starfsemi skólanna (Stafrænt Ísland, 2022). Þá er reglugerð nr. 692/2003 um námsstyrki til fjárhagslegrar jöfnunar vegna búsetu mikilvæg fyrir þá sem stunda framhaldsnám fjarri heimaslóðum (Reglugerð um námsstyrki nr. 692, 2003).

Haustið 2022 voru starfandi 37 framhaldsskólar á Íslandi samkvæmt Menntamálastofnun. Skipting þeirra milli landshluta var eins og fram kemur á töflu nr. eitt (Menntamálastofnun, 2022a)

**Tafla 1** Fjöldi framhaldsskóla á landinu.

Landshluti	Fjöldi skóla	Íbúar í landshluta
Austurland	4	11.031
Höfuðborgarsvæðið	17	240.882
Norðurland	6	38.566
Reykjanes	3	29.108
Suðurland	3	32.437
Vestfirðir	1	7.205
Vesturland	3	17.019
<b>Samtals</b>	<b>37</b>	<b>376.248</b>

Heimild: (Menntamálastofnun 2022a og Hagstofan 2022).

Menntamálastofnun (2022) skilgreinir 30 skóla sem hefðbundna framhaldsskóla og þá má sjá á töflu nr. tvö. Þá skilgreinir hún sjö skóla sem aðra viðurkennda framhaldsskóla sem tilgreindir eru á töflu nr. þrjú (Menntamálastofnun, 2022a). Skólunum er í töflu nr. tvö raðað í röð eftir stofnári eða hvenær starfsemi hófst, samkvæmt upplýsingum af heimasíðum skólanna.

**Tafla 2** Fjöldi hefðbundinna framhaldsskólar.

<b>Hefðbundnir framhaldsskólar</b>			
<b>Framhaldsskóli</b>	<b>Vefsíða</b>	<b>Sveitarfélag</b>	<b>Stofnaður</b>
Menntaskólinn á Tröllaskaga	<a href="https://www.mtr.is/">https://www.mtr.is/</a>	Ólafsfjörður	2010
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	<a href="https://www.fmos.is/">https://www.fmos.is/</a>	Mosfellsbær	2009
Tækniskólinn	<a href="https://www.tskoli.is/">https://www.tskoli.is/</a>	Reykjavík	2008
Menntaskóli Borgarfjarðar	<a href="https://menntaborg.is/">https://menntaborg.is/</a>	Borgarnes	2007
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	<a href="https://www.fsn.is/">https://www.fsn.is/</a>	Grundarfjörður	2004
Borgarholtsskóli	<a href="https://www.bhs.is/">https://www.bhs.is/</a>	Reykjavík	1995
Framhaldsskólinn á Laugum	<a href="https://laugar.is/">https://laugar.is/</a>	Laugar	1988
Framhaldsskólinn á Húsavík	<a href="https://www.fsh.is/">https://www.fsh.is/</a>	Húsavík	1987
Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	<a href="https://www.fas.is/">https://www.fas.is/</a>	Höfn	1987
Verkmenntaskóli Austurlands	<a href="https://www.va.is/">https://www.va.is/</a>	Neskaupstaður	1986
Verkmenntaskólinn á Akureyri	<a href="https://www.vma.is/">https://www.vma.is/</a>	Akureyri	1984
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	<a href="https://www.fg.is/">https://www.fg.is/</a>	Garðabær	1984
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	<a href="https://www.fa.is/">https://www.fa.is/</a>	Reykjavík	1981
Fjölbrautaskóli Suðurlands	<a href="https://www.fsu.is/">https://www.fsu.is/</a>	Selfoss	1981
Menntaskólinn á Egilsstöðum	<a href="https://www.me.is/">https://www.me.is/</a>	Egilsstaðir	1979
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	<a href="https://www.fnv.is/">https://www.fnv.is/</a>	Sauðárkrókur	1979
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	<a href="https://www.fiv.is/">https://www.fiv.is/</a>	Vestmannaeyjar	1979
Fjölbrautaskóli Vesturlands	<a href="https://fva.is/">https://fva.is/</a>	Akranes	1977
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	<a href="https://www.fss.is/">https://www.fss.is/</a>	Reykjanesbær	1976
Flensborgarskólinn í Hafnarfirði	<a href="http://www.flensborg.is/">http://www.flensborg.is/</a>	Hafnarfjörður	1975
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	<a href="https://www.fb.is/">https://www.fb.is/</a>	Reykjavík	1975
Menntaskólinn í Kópavogi	<a href="https://www.mk.is/">https://www.mk.is/</a>	Kópavogur	1973
Menntaskólinn á Ísafirði	<a href="https://www.misa.is/">https://www.misa.is/</a>	Ísafjörður	1970
Menntaskólinn við Sund	<a href="https://www.msund.is/">https://www.msund.is/</a>	Reykjavík	1969
Menntaskólinn við Hamrahlíð	<a href="https://www.mh.is/">https://www.mh.is/</a>	Reykjavík	1966
Menntaskólinn að Laugarvatni	<a href="https://www.ml.is/">https://www.ml.is/</a>	Laugarvatn	1953
Verslunarskóli Íslands	<a href="https://www.verslo.is/">https://www.verslo.is/</a>	Reykjavík	1905
Menntaskólinn á Akureyri	<a href="https://www.ma.is/">https://www.ma.is/</a>	Akureyri	1904
Kvennaskólinn í Reykjavík	<a href="https://www.kvenno.is/">https://www.kvenno.is/</a>	Reykjavík	1874
Menntaskólinn í Reykjavík	<a href="https://mr.is/">https://mr.is/</a>	Reykjavík	1846

Heimild: (Menntamálastofnun, 2022b).

**Tafla 3** Aðrir viðurkenndir framhaldsskólar.

<b>Aðrir viðurkenndir framhaldsskólar</b>			
<b>Framhaldsskóli</b>	<b>Vefsíða</b>	<b>Sveitarfélag</b>	<b>Stofnaður</b>
Menntaskóli í tónlist	<a href="http://menton.is/">http://menton.is/</a>	Reykjavík	2017
Fisktækniskóli Íslands	<a href="https://www.fiskt.is/">https://www.fiskt.is/</a>	Grindavík	2009
Ljósmyndaskólinn	<a href="https://ljosmyndaskolinn.is/">https://ljosmyndaskolinn.is/</a>	Reykjavík	2009
Keilir - Menntaskólinn Ásbrún	<a href="https://www.keilir.net/menntaskolinn">https://www.keilir.net/menntaskolinn</a>	Reykjanesbær	2007
Kvikmyndaskóli Íslands	<a href="https://www.kvikmyndaskoli.is/">https://www.kvikmyndaskoli.is/</a>	Reykjavík	2003
Myndlistaskóli Reykjavíkur	<a href="https://myndlistaskolinn.is/">https://myndlistaskolinn.is/</a>	Reykjavík	1950
Hallormsstaðaskóli	<a href="https://www.hskolinn.is/">https://www.hskolinn.is/</a>	Hallormsstaður	1931

*Heimild: (Menntamálastofnun, 2022b).*

Menntastofnanir byggðust frekar hægt upp á Íslandi fram undir sjöunda áratug síðustu aldar. Á árunum 1904-1969 byggðust upp fimm skólar til viðbótar við Menntaskólann í Reykjavík og Kvennaskólann í Reykjavík. Þrír af þeim skólum voru í Reykjavík, einn á Akureyri og einn á Laugarvatni. Á sjöunda og áttunda áratugnum varð hinsvegar stigbreyting á þar sem 17 skólar, sem falla undir skilgreininguna hefðbundnir framhaldsskólar, voru stofnaðir. Jafnframt breyttist þá umhverfi margra iðnskóla sem starfræktir voru er starfsemi þeirra sameinaðist fjölbrauta- og verknámsskólum. Eftir stofnun þessara skóla hægði á þróuninni. Fjórir skólar voru stofnsettir á fyrsta tug þessarar aldar og nýjasti skólinn er Menntaskólinn á Tröllaskaga. Uppbygging framhaldsskóla á Íslandi var í nokkuð föstum skorðum frá árinu 1975 til 2004 en mikil aukning varð á nemendafjölda á þeim tíma (Menntamálaráðuneytið, 2006).

Árið 2004 var Fjölbrautaskóli Snæfellinga stofnaður og má segja að hann hafi hreyft við áhuga margra minni samfélaga að skoða möguleika á stofnun framhaldsskóla (Fjölbrautaskóli Snæfellinga, 2022). Þá hafði ekki verið stofnaður hefðbundinn framhaldsskóli í nokkuð mörg ár eða frá því Borgarholtsskóli var stofnaður árið 1995. Árið 2006 setti menntamálaráðherra á laggirnar starfshóp til að yfirfara og meta möguleika á byggingu nýrra framhaldsskóla. Átti hópurinn að beina sjónum sínum sérstaklega að möguleikum á höfuðborgarsvæðinu og við utanverðan Eyjafjörð. Niðurstaða hópsins var að leggja til að hafinn yrði undirbúningur að stofnun framhaldsskóla í Mosfellsbæ og við utanverðan Eyjafjörð (Menntamálaráðuneytið, 2006).

Framhaldsskólar njóta framlaga á fjárlögum samkvæmt lögum um framhaldsskóla. Framlag á ársnemanda í þúsundum króna er misjafnt eftir skólum eins og sést á töflu nr. fjögur og skýrist það af fjölda nemenda í hverjum skóla en samkvæmt reiknilíkani þá er það þekkt að rekstrarkostnaður er meiri á hvern nemanda því smærri sem skólarnir eru og



hver fjarlægð þeirra er frá Reykjavík (Menntamálaráðuneytið, 2006). Samkvæmt þessu eru fámennari skólar á landsbyggðinni að kosta meira fyrir hvern ársnemanda en fjölmennir skólar á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.

**Tafla 4** *Kostnaður á ársnemanda.*

Skóli	2014	2015	2016	2017
Framhaldsskólinn á Laugum	1.632	2.060	2.149	2.337
Menntaskólinn á Tröllaskaga	1.385	1.819	1.868	2.074
Verkmenntaskóli Austurlands	1.417	1.703	1.773	2.035
Menntaskólinn að Laugarvatni	1.110	1.462	1.720	1.906
Framhaldsskólinn á Húsavík	1.088	1.531	1.626	1.830
Fjölbrautaskóli Norðurl. vestra	1.127	1.529	1.594	1.813
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	1.109	1.509	1.596	1.765
Framhaldssk. í A-Skaftafellssýslu	1.085	1.433	1.483	1.719
Menntaskólinn í Borgarnesi	1.015	1.330	1.369	1.619
Menntaskólinn á Egilsstöðum	1.037	1.515	1.492	1.619
Framhaldssk. í Vestmannaeyjum	964	1.277	1.264	1.614
Menntaskólinn á Ísafirði	1.024	1.379	1.390	1.552
Tækniskólinn	1.017	1.273	1.346	1.515
Fjölbrautaskóli Suðurlands	926	1.195	1.278	1.504
Verkmenntaskólinn á Akureyri	969	1.272	1.292	1.491
Fjölbrautaskóli Vesturlands	919	1.157	1.218	1.383
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	848	1.117	1.181	1.368
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	955	1.205	1.272	1.364
Borgarholtsskóli	895	1.143	1.175	1.349
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	801	1.078	1.104	1.324
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	814	1.051	1.141	1.297
Flensborgarskóli	768	994	1.056	1.196
Menntaskólinn í Kópavogi	785	974	1.056	1.191
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	733	927	989	1.120
Menntaskólinn á Akureyri	754	938	1.001	1.119
Menntaskólinn við Hamrahlíð	691	880	947	1.054
Menntaskólinn við Sund	692	855	904	1.025
Kvennaskólinn í Reykjavík	651	829	888	1.013
Verslunarskóli Íslands	678	844	899	1.002
Menntaskólinn í Reykjavík	633,8	802,4	866,7	979,1

*Skýring:* Á töflu nr. fjögur má sjá kostnað á ársnemanda í 30 framhaldsskólum árin 2014 – 2017. Skólum er raðað eftir hæstu tölu árið 2017 (Alþingi, 2018).

Framhaldsskólar eru mikilvægar stofnanir. Þeir gegna því hlutverki að mennta ungt fólk og búa þau undir frekari framhaldsmenntun eða störf á vinnumarkaði. Þeir eru líka mikilvægir á landsbyggðinni í ljósi byggðapróunar og miklu máli skiptir að nemendur hafi

---

möguleika á að stunda nám í heimabyggð. Á þetta er bent í grein Valgerðar S. Bjarnadóttur og Guðrúnar Ragnarsdóttur (2021) þar sem jafnframt er bent á að fjölgun framhaldsskóla í dreifðum byggðum muni hafa jákvæð samfélagsleg áhrif á margan hátt og styrki einnig stefnu stjórnvalda um jafnrétti til náms (Valgerður S. Bjarnadóttir og Guðrún Ragnarsdóttir, 2021). Kannanir hafa sýnt fram á að það veiki samfélagið þegar foreldrar flytja burt úr minni samfélögum til að fylgja börnum sínum eftir þegar þau fara í framhaldsskóla. Það tekur á fyrir samfélög að missa stóran hluta árganga framhaldsskóla nemenda burt úr samfélaginu. Það er einnig talið að því seinna sem unglingar fari að heiman, því líklegri eru þeir til að setjast að á sínum heimaslóðum (Menntamálaráðuneytið, 2006).

Í skýrslu sem Háskólinn í Reykjavík vann fyrir Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og er hluti af sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins, er því velt upp hvort hætta sé á að áttahagafjötrar bindi nemendur við sína heimabyggð. Bent er á að fjárhagslegir og félagslegir kostir séu greinilegir hvað það varðar að hafa framhaldsskóla í sínu næsta nágrenni en hætta sé á að nemandi velji skólann í heimabyggð fremur af hagkvæmnisástæðum en áhuga og þannig dragi úr vísýni einstaklingsins (Gunnar Einarsson o.fl., 2014). Í grein Magnúsar Þorkelssonar frá árinu 2011 kemur fram að stærsti hluti nýrra nemenda í framhaldsskóla velji sér skóla sem er nálægt heimili eða í sama landsfjórðungi. Hann bendir jafnframt á að grunnskólanemar á höfuðborgarsvæðinu sem ljúka námi með hárrí einkunn, séu þeir nemendur sem geti valið um skóla (Magnús Þorkelsson, 2011). Í grein Valgerðar S. Bjarnadóttur og Guðrúnar Ragnarsdóttur (2021) er bent á að ekki hafi allir jafnt aðgengi að vali á framhaldsskóla. Þar ráði til dæmis búseta og félagslegir þættir. Jafnframt er bent á í grein þeirra að það fylgi því talsverður kostnaður að sækja nám fjarri heimabyggð og að ekki hafi allir foreldrar kost á því að senda börn sín burt sökum þess. Því hafi kostnaður við nám áhrif á val nemenda sem búsettir eru í dreifbýlinu (Valgerður S. Bjarnadóttir og Guðrún Ragnarsdóttir, 2021).

## **2.2 Hagrænt gildi menntunar**

Framhaldsskólar og starfsemi þeirra hafa margvísleg margfeldisáhrif á sitt nærumhverfi. Um er að ræða opinber störf og tekjur frá ríkinu sem renna til samfélagsins. Ekki fann rannsakandi margar rannsóknir á gildi framhaldsskóla í nærsamfélaginu en áhugaverð álitserð frá árinu 2010 dregur fram margfeldisáhrif tveggja háskóla í Borgarbyggð. Álitserðin sýnir fram á umtalsverð efnahagsleg áhrif háskólanna á sveitarfélagið þar sem

---

um 14% af atvinnutekjum Borgarbyggðar mátti þannig rekja til háskólanna árið 2010 (Kolfinna Jóhannesdóttir og Vífill Karlsson, 2010).

Þegar lögum um sjálfræði var breytt og sjálfræðisaldur færðist úr 16 árum í 18 ár árið 1998 ár báru foreldrar jafnframt lengur ábyrgð á framfærslu barna sinna (Lögræðislög nr. 71, 1996). Það má leiða að því líkum að í ljósi þeirra breytinga hafi foreldrum þótt erfiðara en ella að senda unglinga undir 18 ára aldri að heiman í heimavist eða dvöl fjarri heimilinu.

Í rannsókn Stefáns Ólafssonar fyrir Bygðastofnun (1997) kemur fram mjög há tíðni búferlaflutninga aldurshópsins 15-19 ára og samanborið við aðrar þjóðir, er tíðnin mjög há á Íslandi. Í rannsókninni er lagt að því líkum að það tengist flutningum vegna náms í framhaldsskóla. Jafnframt er bent á það í rannsókninni að ástæður búferlaflutninga frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins eru oft á tíðum ófullnægjandi skilyrði til menntunar (Stefán Ólafsson, 1997).

Á það er bent í grein Valgerðar S. Bjarnadóttur og Guðrúnar Ragnarsdóttur (2021) að rannsóknir hafi sýnt fram á jákvæð áhrif framhaldsskóla í dreifðari byggðum. Þeir efla samfélagið og atvinnulífið á margan hátt og efla jafnframt menningarstarf (Valgerður S. Bjarnadóttir og Guðrún Ragnarsdóttir, 2021).

Í rannsókn Þorvaldar Gylfasonar og Gylfa Zoëga frá árinu 2003 kemur fram að einn af lykilþáttum hagvaxtar um allan heim hefur verið menntun. Í rannsókninni halda þeir því jafnframt fram að útgjöld til menntunar stuðli bæði að auknum jöfnuði og auknum vexti (Gylfason og Zoëga, 2003). Þeir benda á í rannsókninni að aukin skólasókn í framhaldsskóla eða um 25-30%, megi tengja einnar prósentu aukningu ársvaxtar á mann. Niðurstaða þeirra er að menntun hvetji til hagvaxtar (Gylfason og Zoëga, 2003). Í sama streng er tekið í grein Greenaway og Haynes (2004) en þar kemur jafnframt fram að það séu vísbendingar milli landa á alþjóðavísu sem bendi til jákvæðs samhengis milli fjárfestingar í menntun og hagvexti og að í mörgum OECD löndum séu áhrif menntunar á hagvöxt meiri en aðrir þættir (Greenaway og Haynes, 2004).

Athyglisvert er að rýna í rannsókn Jóns Bjarka Bentssonar og Þórhalls Ásbjörnssonar (2004) en þar er dregin fram möguleg arðsemi framhaldsskólanáms og háskólanáms á Íslandi. Þar er fjallað um einkaarðsemi náms sem er væntur fjárhagslegur ávinningur einstaklingsins og einnig samfélagslega arðsemi sem er skilgreind sem aukinn virðisauki fyrir heildina. Rannsóknin sýnir fram á að arðsemi framhaldsskólamenntunar er töluverð en þó hærri hjá körlum en konum en er svo hærri hjá konum er kemur að háskólamenntun (Jón Bjarki Bentsson og Þórhallur Ásbjörnsson, 2004).

---

Hagfræðin nýtir ýmsar aðferðir til að meta áhrif menntunar á samfélög. Ekki hafa allar rannsóknir þó dregið fram sömu niðurstöðu eða fræðasamfélagið verið sammála um aðferðafræði. Í skýrslu Tryggva Þórs Herbertssonar (1997) kemur fram að arðsemi grunnmenntunar sé yfirleitt meiri en annarrar menntunar og að ástæða sé til að leggja aukna áherslu á gæði menntunar fremur en fjölda prófgráða. Skýrslan dregur fram að þjóðhagsleg arðsemi menntunar er neikvæð fyrir flestar tegundir náms en að þó sé greinilegt jákvætt sambengi milli hagvaxtar og menntunar (Tryggvi Þór Herbertsson, 1997).

Í skoðanakönnun sem gerð var árin 2016 og 2017 (Vífill 2021) var meðal annars skoðað hver væru áhrif menntastofnanna á menntunarstig heima í héraði. Um 6.000 manns tóku þátt í könnuninni. Í samantekt kom fram mikilvægi menntastofnanna í dreifbýli. Jafnframt leiddi hún í ljós að tenging var á milli hamingju og menntunar þátttakenda, þannig voru þeir sem höfðu einungis grunnskóla- eða gagnfræðapróf ekki eins hamingjusamir og þeir sem höfðu meiri menntun (Vífill Karlsson, 2021).

### **2.3 Menntaskóli Borgarfjarðar**

Íbúakönnun sem framkvæmd var af SSV þróun og ráðgjöf haustið 2004 dró fram skoðanir íbúa á Borgarfjarðarsvæðinu og Dala hvað væri mikilvægt fyrir áframhaldandi búsetu. Meðal þess sem íbúum þótti skorta á var aðgangur að framhaldsskólanámi (Vífill Karlsson og Guðný Anna Vilhelmsdóttir, 2008).


Byggðaráð Borgarbyggðar fjallaði um þessa stöðu á fundi sínum þann 4. ágúst 2005 og í framhaldinu voru rektorar háskólanna í héraðinu fengnir að borðinu (Borgarbyggð, 2005). Voru það þeir Runólfur Ágústsson frá Háskólanum á Bifröst og Ágúst Sigurðsson frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri. Jafnframt lýsti Sparisjóður Mýrasýslu því yfir að hann myndi leggja skólanum til 40 milljónir í hlutafé ("SPM leggur hlutafé í skóla", 2005). Fjölmörg fyrirtæki og einstaklingar lögðu einnig fjármuni í stofnun einkahlutafélags um skólann. Þá studdu Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi hugmyndina og sérfræðingar þeirra tóku saman upplýsingar um mögulegan nemendafjölda. Í framhaldinu var stofnaður stýrihópur af hálfu sveitarstjórna í Borgarbyggð, Borgarfjarðarsveit og háskólunum á Bifröst og Hvanneyri. Hópurinn fór síðan formlega fram á það við menntamálaráðherra þann 2. nóvember 2005 að hann veitti viðurkenningu sína á starfsemi Menntaskóla Borgarfjarðar. Menntamálaráðherra stofnaði í framhaldinu stýrihóp með heimamönnum og tilnefndi aðila af hálfu menntamálaráðuneytisins til að sitja í hópnum. Þessi stýrihópur hélt þrjá fundi og niðurstaða þeirra funda var að halda

formlegan stofnfund einkahlutafélags þar sem ráðherra myndi kynna heimild þess að framhaldsskóli yrði stofnsettur í Borgarfirði (Borgarbyggð, 2006a). Þann 20. febrúar 2006 sótti vinnuhópur um stofnun skólans, formlega um lóðina Borgarbraut 54 til bæjarstjórnar Borgarbyggðar til byggingar á húsi fyrir skólann.

Þann 4. maí 2006 staðfesti þáverandi menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, stofnun Menntaskóla Borgarfjarðar í Borgarnesi (Borgarbyggð, 2006b). Skólinn er einkahlutafélag og eru hluthafar um 160 talsins. Stærsti einstaki hluthafinn í Menntaskóla Borgarfjarðar er sveitarfélagið Borgarbyggð. Skólinn var sá fyrsti á Íslandi sem innleiddi nám til stúdentsprófs á þremur árum og hefur lagt áherslu á leiðsagnarmat í stað hefðbundinna prófa.

Menntaskóli Borgarfjarðar var settur í fyrsta sinn þann 22. ágúst 2007 og var setningin í Skallagrímgarði í Borgarnesi ("Menntaskóli Borgarfjarðar settur", 2007). Fyrsta hálfu árið starfaði skólinn í hluta af safnahúsi Borgarfjarðar í Borgarnesi en árið 2008 var tekin í notkun nýtt hús að Borgarbraut 54 í Borgarnesi sem skólinn leigir fyrir starfsemi sína. Húsið var formlega vígt í október 2008 (Menntaskóli Borgarfjarðar, 2022b). Helsta upptökusvæði nemenda í MB er Borgarfjörður, Dalir, sunnanverðir Vestfirðir og Húnavatnssýslur. Samtals hefur skólinn brautskráð 308 stúdenta frá upphafi. Á mynd nr. eitt sést nemendafjöldi hvers árs og útskrifaðir nemendur.


**Mynd 1** Nemendafjöldi og brautskráðir frá MB 2007-2021.



*Heimild:* Úr ársreikningum MB. (Menntaskóli Borgarfjarðar 2022c).

Að meðaltali hafa verið 17 stöðugildi við skólann þessi 15 ár. En eins og sjá má á mynd nr. tvö þá hafa stöðugildi verið af svipuðum fjölda síðustu ár en voru fæst í byrjun eða 10 talsins.

*Mynd 2 Fjöldi stöðugilda í MB 2007-2021.*




*Heimild:* Úr ársreikningum MB (Menntaskóli Borgarfjarðar 2022c).

Námsframboð í MB einskorðast nokkuð við stærð skólans en hann býður upp á sjö brautir. Þær eru: Félagsfræðibraut, íþróttافرæðibraut, náttúrufræðibraut, náttúrufræðibraut – búfræðisvið, opin braut, framhaldsskólabraut og starfsbraut (Menntaskóli Borgarfjarðar, 2022a). Þá er MB einn af 12 samstarfsskólum um fjarmenntaskólann en markmið hans er að auka framboð til náms á landinu öllu (Fjarmenntaskólarnir, 2022).

Námsbrautir MB endurspeglar það sem fram kom í grein Valgerðar S. Bjarnadóttur og Guðrúnar Ragnarsdóttur „við skiptum máli“ (2021) að nýttir séu styrkleikar nærsamfélagsins og má þar nefna samstarf við Landbúnaðarháskóla Íslands um búfræðináms. Þar var jafnframt bent á að fræðilegar rannsóknir á skólastarfi í dreifbýli væru gerðar út frá sjónarhorni þéttbýlis og dragi jafnvel upp brenglaða mynd af ungu fólki í dreifðari byggðum (Valgerður S. Bjarnadóttir og Guðrún Ragnarsdóttir, 2021). Í sama streng var tekið í rannsókn Þorláks Axels Jónssonar (2019) þar sem hann vakti athygli á mögulega neikvæðri ímynd sem dregin væri upp af stjórnsýslu menntamála, á námsárangri utan höfuðborgarsvæðisins og þeim áhrifum sem slíkt kann að hafa (Þorlákur Axel Jónsson, 2019).

Árið 2017 var unnin úttekt á starfsemi MB fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Úttektina unnu þeir Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson hjá Gát sf. Í heildarniðurstöðum skýrslunnar kom skólinn heilt yfir vel út. Þar var tæpt á stjórnskipulagi hans en sökum þess að skólinn er einkahlutafélag þá er stjórnskipulag hans með öðrum hætti en yfirleitt er í framhaldsskólum. Fram kom að yfirbygging sé lítil, að notkun rafrænna námsgagna sé mikil, að andrúmsloft sé jákvætt og að húsnæði sé fullnægjandi. Ekki er þó bókasafn í skólanum og skólinn eigi við talsverðan brotthvarfsvanda að stríða. Jafnframt kom fram í skýrslunni að skólinn hafi tekið tillit til margra ábendinga sem fram komu í úttekt árið 2011(Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson, 2017).

**Mynd 3** Skipurit MB.



Heimild: (Menntaskóli Borgarfjarðar 2022c).

## 2.4 Bygging Hjálmakletts

Lög um framhaldsskóla tilgreina kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga við byggingu framhaldsskóla. Samkvæmt þeim leggja sveitarfélög til lóðir undir skólahúsnæði án kvaða eða gjalda. Kostnaðarskipting vegna verkframkvæmda samkvæmt lögnum er þannig að ríkissjóður greiðir 60% stofnkostnaðar við framkvæmdir, aðrar framkvæmdir á lóð og stofnbúnað og þá samkvæmt ákveðnum viðmiðum um stofnkostnað og sveitarfélag/félög greiða 40% (Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008).

Upphaflegar tillögur byggingarnefndar MB gerðu ráð fyrir 1300 fm húsi fyrir 120 nemendur. Spár um nemendafjölda sýndu fram á að óvarlegt væri að fara af stað með hús fyrir færri en 200 nemendur. Vorið 2006 var því unnið samkvæmt hugmyndum um 1800 fm hús fyrir 200 nemendur. Fyrsta verðmat hönnuða var um 630 milljónir og miðað var við 2000 fm hús. Eftir að hafa skoða aðrar skólabyggingar víða um land þá lagði bygginganefnd til við stjórn skólans að byggður yrði 1000 fm lagnakjallari undir öllu

---

húsinu. Rökin fyrir því sneru aðallega að ódýrari lagnaleiðum, það hefði verið kostnaðarsamt að steypa upp sökkla og fylla upp í þá og með lagnakjallara gæti myndast rými fyrir nemendafélag. Þá var gert ráð fyrir búningaaðstöðu fyrir sviðslistir, tónleika og sýningar í sal hússins. Áður en húsið var fullhannað komu fram hugmyndir um að hús MB yrði ekki einungis skóli heldur einnig menningarhús fyrir sveitarfélagið. Var því unnið í framhaldinu með um 3.180 fm hús er þetta hafði verið samþykkt af stjórn skólans. Í húsinu er stór salur sem tekur lokaður um 250 manns í sæti en um 350 manns geta setið viðburði í salnum séu felliveggir opnaðir.

Í október 2007 gerði kostnaðarmat hönnuða ráð fyrir 3.180 fm húsi og kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 883 milljónir. Í júní 2008 gerði byggingarnefnd stjórn MB grein fyrir kostnaðartölum og þá hljóðaði kostnaður uppá 1.080 milljónir. Stærstu liðir sem skýrðu þennan umfram kostnað voru stærðarukning húss, magntölur frá hönnuðum sem breyttust í síðasta áfanga hússins auk þess sem mikill fjármagnskostnaður hafði verið vanreiknaður (Samantekt: Byggingaframkvæmdir MB, 2008).

Í ársreikningi Borgarbyggðar fyrir árið 2008 var gerð grein fyrir leigusamningi sem sveitarfélagið gerði við fasteignafélagið Menntaborg ehf, eiganda Hjálmakletts, um leigu á húsnæði fyrir MB og aðra menningarstarfsemi í sveitarfélaginu. Skuldbinding sveitarfélagsins var þá talin nema um 1.800 milljónum en ótaldar voru þá tekjur af endurleigu hússins (Borgarbyggð, 2008). Í ársreikningi sveitarfélagsins árið 2009 var núvirði skuldbindingarinnar 1.776 milljónir og núvirði leigutekna 625 milljónir. Skuldbinding sveitarfélagsins nam því 1.151 milljón í árslok 2009 (Borgarbyggð, 2009).

Í kjölfar hækkana á byggingakostnaði þurfti að leita leiða til að auka við hlutafélagins og samið var við bankann Glitni um fjármögnun byggingarinnar. Erfiðlega gekk að ganga frá fjármögnun og lán í erlendri mynt hækkðu í kjölfar hrunsins 2008 og olli það erfiðleikum í rekstri fasteignafélagsins Menntaborgar ehf. Svo fór að Menntaborg gat ekki staðið í skilum af afborgunum. Íslandsbanki (áður Glitnir) keypti þá húsið og í framhaldinu gerði sveitarfélagið Borgarbyggð samkomulag við bankann um kaup á húsinu ("Borgarbyggð hyggst kaupa", 2010). Í árslok 2010 var undirritaður samningur milli sveitarfélagsins Borgarbyggðar og Íslandsbanka um kaup sveitarfélagsins á húsinu (Borgarbyggð, 2010b). Í ársreikningi Borgarbyggðar árið 2010 var Hjálmaklettur mennta- og menningarhús fært sem varanlegir rekstrarfjármunir að upphæð 903,1 milljón (Borgarbyggð, 2010a).



## 2.5 Sveitarfélagið Borgarbyggð

Sveitarfélagið Borgarbyggð byggir á gömlum grunni margra sveitarfélaga. Árið 1994 voru sveitarfélögin sem nú mynda Borgarbyggð 13 talsins. Frá árinu 1994 tóku við ár sameininga og sveitarfélagið Borgarbyggð varð til í núverandi mynd árið 2006. Sveitarfélagið er víðfeðmt og er um 4.900 ferkílómetrar að stærð og eitt af landstærstu sveitarfélögum landsins (Borgarbyggð, 2022b). Íbúafjöldi var þann 1. janúar 2022, 3.868 manns en á haustdögum 2022 er íbúafjöldinn rétt um 4.000 manns ("Íbúafjöldi í fyrsta sinn", 2022).

Í sveitarfélaginu eru nokkrir þéttbýlisstaðir eða byggðakjarnar. Borgarnes er þeirra fjölmennastur en þar búa um 2.100 manns. Aðrir staðir eru Hvanneyri með um 305 íbúa, á Bifröst eru 106 íbúar, á Kleppjárnsreykjum 41 íbúi og í Reykholti 83 íbúar. (Byggðastofnun, 2022a). Þá er vísir að þéttbýli á Varmalandi. Allir þessir staðir hafa það sammerkt að þar hafa verið eða eru starfræktar skólastofnanir. Sveitarfélagið hafði það sem eitt af sínu meginmarkmiðum í gerð aðalskipulags fyrir árin 2010-2022 að öll menntastig séu í boði innan sveitarfélagsins (Ása Sigurlaug Harðardóttir o.fl., 2011).

Skólahefð hefur verið mikil í Borgarbyggð, þar hafa verið starfræktir leikskólar, grunnskólar, tónlistarskóli, framhaldsskólar og tveir háskólar. Í Borgarnesi var iðnskóli á árunum 1949 – 1987 en hann var lagður niður er sveitarfélagið varð þátttakandi í rekstri Fjölbautaskóla Vesturlands (Egill Ólafsson og Heiðar Lind Hansson, 2017). Á Bifröst hafði verið rekinn samvinnuskóli sem stofnaður var árið 1918 í Reykjavík en fluttur að Bifröst sumarið 1955 (Háskólinn á Bifröst, 2022a). Árið 1988 varð skólinn sérskóli á háskólastigi og bauð þá jafnframt upp á frumgreinadeild innan skólans (Háskólinn á Bifröst, 2022b). Á Hvanneyri starfar Landbúnaðarháskóli Íslands á grunni bændaskóla sem stofnaður var 1889 og þar hefur verið í boði búfræðinám (Landbúnaðarháskóli Íslands, 2022). Húsmæðraskóli var á Varmalandi árin 1946-1986 ("Húsmæðraskóli til sölu", 2015). Einnig var rekinn framhaldsskóli í Reykholti um árabíl á tímabilinu 1931-1997 en áður hafði verið héraðsskóli að Hvítárþakka árin 1905-1931 (Snorrastofa, 2022). Nám á framhaldsskólastigi var ekki til staðar innan sveitarfélaganna sem nú mynda Borgarbyggð frá árinu 1997 þar til Menntaskóli Borgarfjarðar var stofnsettur árið 2007.


## 2.6 Aldurssamsetning

Hér er varpað ljósi á aldurssamsetningu tveggja sveitarfélaga þar sem framhaldsskóli var stofnsettur, annars vegar MB árið 2007 og hinsvegar Menntaskólinn í Fjallabyggð (Tröllaskaga) árið 2010. Jafnframt er skoðuð aldurssamsetning tveggja sveitarfélaga þar

sem framhaldsskóli er ekki til staðar, Reykhólasveitar og Vopnafjarðarhrepps. Í Vopnafjarðarhreppi hefur þó verið rekin framhaldsdeild frá framhaldsskólanum á Laugum undanfarin ár.

Út frá fyrirliggjandi gögnum var ekki lagt mat á það hér hvort skólarnir í Borgarbyggð og í Fjallabyggð hafi haft áhrif á aldurssamsetninguna en ekki er ólíklegt að þeir geti haft einhver áhrif á aldurstrén.

**Mynd 4** Aldurstré fjögurra sveitarfélaga 2007 og 2021.



**Skýring:** Mynd fjögur sýnir aldurstré fjögurra sveitarfélaga á árunum 2007 og 2021. Litaðar súlur sýna 2021 og ólitaðar súlur sýna 2007. Heimild: (Hagstofa Íslands, 2022a).

Þann 1. janúar 2022 voru íbúar í Borgarbyggð 3.868 talsins, í Fjallabyggð voru þeir 1.966, í Vopnafjarðarhreppi 665 og í Reykhólahreppi 233 (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2022). Mynd nr. fjögur sýnir aldurssamsetninguna og það sem þar vekur athygli er að aldurshópurinn 25-34 ára heldur sér nokkuð vel hjá Borgarbyggð og spurning hvort þar séu komnir árgangar síðustu 15 ára úr MB. Í Fjallabyggð er aldurshópurinn 30-39 ára sterkur en aldurshópurinn 10-24 ára hefur heldur látið undan. Aldurstré

---

Reykholahrepps og Vopnafjarðarhrepps bera þess merki að þar eru aldurshóparnir 55-69 ára fjölmennir meðan mjög hefur fækkað hjá sumum aldurshópum og aldurstren því mjög skörðótt. Rétt er að benda á það að í fámennari sveitarfélögum þarf ekki mikið að breytast svo aldurssúlurnar hreyfist umtalsvert.


Í íbúakönnun á vegum Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi árið 2014, kom fram að hlutfall íbúa á Borgarfjarðarsvæðinu sem eingöngu var með grunnskólapróf, breyttist mikið á árunum 2007-2013. Árið 2007 voru rúm 30% íbúa eingöngu með grunnskólapróf en árið 2013 var hlutfallið komið niður í um 19%. Mikla breytingu mátti jafnframt sjá á þessu hlutfalli á Snæfellsnesi þar sem framhaldsskóli Snæfellinga hóf starfsemi árið 2004 en þar fór hlutfall þeirra sem eingöngu voru með grunnskólapróf niður úr um 35% í 25% milli áranna 2007-2013 (Vífill Karlsson og Anna Steinsen, 2014).

## 2.7 Opinber störf

Ef rýnt er í tölur yfir opinber störf á landsbyggðinni þá kom fram í Hagvísi frá SSV árið 2019 að samkvæmt svokölluðum ríkisstarfahalla þá voru opinber störf á Vesturlandi 536 talsins árið 2017 sem var um 2,6% allra opinberra starfa á meðan íbúar voru 4,7% íbúa á landinu. Væri það hlutfall notað til að deila niður ríkisstörfum milli landshluta þá hefðu opinber störf átt að vera 958 á Vesturlandi eða 78,8% fleiri en þau voru (Vífill Karlsson, 2019). Í grein frá Vífli Karlssyni (2005) var dregið fram landfræðilegt misræmi á milli fjármögnunar og umsvifa hins opinbera og afleiðingar þess fyrir landshluta á Íslandi og skoðaður svæðisbundinn hagvöxtur. Þar benda tölur og greiningar til þess að misræmi gæti höfuðborginni í hag (Vífill Karlsson, 2005).

Löngum hefur verið talað um og bent á mikilvægi þess að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni og ljóst að störf hjá MB eru mikilvæg í ljósi þeirrar umræðu. Á mynd nr. fimm má sjá fjölda opinberra starfa innan Borgarbyggðar í árslok 2021 og hvernig þau skiptust niður á ráðuneyti. Þann þrítugasta og fyrsta desember 2021 voru samtals 236 opinber störf í Borgarbyggð (Byggðastofnun, 2022b). Rannsakandi fékk það staðfest frá Byggðastofnun að störf í MB eru inni í gögnum um stöðugildi á vegum ríkisins (Þorkell Stefánsson, munnleg heimild, 1.11.2022). Í MB voru árið 2021 17 störf eða 7% af heildarfjölda opinberra starfa innan Borgarbyggðar.

**Mynd 5** Opinber störf í Borgarbyggð 2021.



Heimild: (Byggðastofnun, 2022b).

### 3. Aðferðafræði og afmörkun viðfangsefnis

Í þessum kafla verður farið yfir þá aðferðafræði sem notuð var í rannsókninni og hvernig viðfangsefnið var afmarkað. Til að nálgast upplýsingar um tekjur og gjöld reyndist gagnlegt að vinna með og greina fyrirbyggjandi gögn úr ársreikningum MB og Borgarbyggðar. Að þeim gögnum er greiður aðgangur á heimasíðu MB og Borgarbyggðar. Í kostnaðar- og ábatagreiningu þarf að taka tillit til ákveðinna óvissuþátta til að nálgast raunsanna niðurstöðu. Mikilvægt er fyrir niðurstöðu verkefnisins að taka tillit til sem flestra þátta sem mögulega er hægt að mæla með kostnaðar- og ábatagreiningu. Rannsakandi ákvað að nota einnig eigindlega aðferð með því að nota hálfopin viðtöl til að ná dýpri skilningi á rekstri þessara tveggja stofnana, Borgarbyggðar og MB.

#### 3.1 Eigindleg aðferð

Í eigindlegri aðferðafræði var stuðst við hálfopin viðtöl (*e.semistructured interviews*) sem tekin voru við fimm starfsmenn innan þriggja stofnana/fyrirtækja. Spurningar voru unnar út frá tilgangi og markmiðum rannsóknar og miðuðust að því að svara ákveðnum atriðum til að varpa frekara ljósi á stofnun og rekstur MB og rekstur Borgarbyggðar. Viðtölin í rannsókninni byggðust á aðleiðslu (*e.inductive reasoning*) þar sem ekki var sett fram

---

tilgáta í upphafi heldur ætlunin að lýsa og dýpka skilning á viðfangsefninu (Sigríður Halldórsdóttir, 2016).

### 3.2 Meginleg aðferð

Í rannsókninni var stuðst við meginlega rannsóknaraðferð (*e.quantitative research*) þar sem unnið var með fyrirliggjandi heimildir og töluleg gögn sem fengust frá MB og Borgarbyggð og ýmsum aðilum, þar á meðal Byggðastofnun, Menntamálastofnun, Hagstofunni og Hagvísunum frá SSV. Við úrvinnslu gagnanna var unnið með lýsandi tölfræði (*e.descriptive statistics*). Ársreikningar MB og Borgarbyggðar eru aðgengilegir á heimasíðum þeirra þannig var auðvelt að nálgast gögnin.

### 3.3 Kostnaðar- og ábatagreining

Þegar unnið er með kostnaðar- og ábatagreiningu (*e.cost-benefit analysis*) eru borin saman heildarábati og heildarkostnaður af einhverju tilteknu verkefni. Oft er um að ræða stærri verkefni í heilbrigðisgeiranum eða í tengslum við uppbyggingu samgöngumannvirkja (Bjarni Frímánn Karlsson, 2007). Greiningin hefur verið sett upp sem NSB (*e.net social benefit*) sem skilgreinist sem nettó þjóðfélagslegur ábati verkefnis. NSB er þá skilgreint sem mismunur ábatans, B, og kostnaðar C (Boardman o.fl., 2018).

Jafnan lítur þá svona út:  $NSB = B - C$

Kostnaðar- og ábatagreiningu er hægt að framkvæma á ýmsum tímupunktum innan framkvæmdarinnar. Það sem oft er stuðst við í greiningum er varða stór verkefni er svokallað *ex-ante* sem má þýða „á undan“. Þar eru dregnar fram allar upplýsingar um verkefnið áður en ákvörðun er tekin um framkvæmd. Niðurstöður leiða fram svör við því hvort verkefnið hafi jákvæðan samfélagslegan ábata. Í þessari rannsókn var unnið út frá aðferðum *ex-post* aðferðar sem má nefna sem „á eftir“ (Boardman o.fl., 2018). Þá er verkefnið skoðað eftir að því er lokið. Spurningu rannsóknarinnar mætti því nálgast líka með því að spyrja: Var góð hugmynd að fara í þetta verkefni? Þar sem verkefninu sem hér er rannsakað er lokið þá er ekki hægt að breyta því sem slíku en það getur verið til upplýsinga fyrir sambærileg verkefni (Boardman o.fl., 2018).

Eitt af því sem rannsakendur nota gjarnan í kostnaðar- og ábatagreiningu er það sem kallað er skuggavirði. Skuggavirði er þá notað yfir vöru eða samfélagslegt gildi sem hefur ekkert verð, er ekki á markaði og er þá lagt fram sem áætlað verð sem líklegast væri að notandi/neytandi væri tilbúinn að borga. Verðmætið gæti endurspeglast óbeint á tengda

---

vöru og þannig væri hægt að meta skuggavirði. Einnig væri hægt að notast við könnun til að finna greiðsluvilja. Sérfræðingar nota oft skuggavirði til að fá fram mat á félagslegum kostnaði (Boardman o.fl., 2018). Í þessari rannsókn var gerð tilraun til að nálgast ábata nemenda sem dvelja heima og stunda nám við MB og sá ábati myndar þá ábata fyrir fjölskyldur innan sveitarfélagsins.

Í þessari rannsókn var blandað saman kostnaðar- og ábatagreiningu, sem er aðalatriði rannsóknarinnar, en jafnframt var notuð eigindleg aðferð í formi hálf opinna viðtala og með því rýnt í ákveðna félagslega kosti verkefnisins (de Jong o.fl., 2019). Þó getur verið erfitt að meta upplýsingar úr eigindlegri rannsókn til fjár. Ávinningurinn getur falið í sér ýmis áhrif á íbúa sem erfitt er að mæla (Boardman o.fl., 2018). Rannsakandi afmarkaði þessa rannsókn innan sveitarfélagsins Borgarbyggðar. Með því er afmarkaður sá hópur sem tekinn er til skoðunar.

Í kostnaðar- og ábatagreiningu eru aðgerðir settar upp í lista og farið yfir nokkur skref innan ferlisins, hver sé tilgangur greiningarinnar og greint frá því hvaða kostnaðarliðir og tekjuliðir eru skoðaðir og hvernig þeir eru reiknaðir. Gera þarf ráð fyrir einhverri óvissu og í lokin fást niðurstöður um útkomu verkefnisins. Í rannsókninni er er kostnaður og ábati metinn í peningum og þær upphæðir uppreiknaðar til ársins 2021 með neysluverðsvísitölu. Niðurstaða kostnaðar- og ábatagreiningar er því hagrænn ábati/kostnaður verkefnisins (Boardman o.fl., 2018).

Það eru margir kostir við það að nýta kostnaðar- og ábatagreiningu í svona verkefni. Kostirnir eru helst þeir að hægt er að meta verkefnið án hlutdrægni þar sem tölur liggja fyrir til að vinna með og ex-post greiningin er gerð eftir að framkvæmd lýkur (Boardman o.fl., 2018). Það þarf að draga fram allan mögulegan kostnað og ávinning og þar með óbeinan eða óefnislegan kostnað. Takmarkanirnar eru helst þær að það getur verið erfitt að spá fyrir um allar breytur. Ef treyst er á röng gögn þá geta þau skekkt niðurstöðuna (Stobierski, 2019).

Þessu tengt er oft talað um ráðstöfun gæða en til að ráðstöfun teljist hagkvæm, þá þurfa gæði sem bæta aðstöðu eins einstaklings að vera þannig að þau geri stöðu annarra ekki verri. Hér er um að ræða það sem kallað er Pareto hagkvæmni (*e.pareto efficiency*). Þannig sé um að ræða að heildar ábati verkefnis sé meiri en heildarkostnaður (Ágúst Einarsson, 2007).

### 3.4 Þátttakendur

Þátttakendur í eigindlega viðtalsrannsókn voru valdir sem tilgangúrtak (*e.purposeful sampling*) og rætt við þá aðila sem töldust henta vel þörfum rannsóknarinnar og vitað var að byggju yfir þekkingu á viðfangsefninu (Sigríður Halldórsdóttir, 2016). Haft var samband við fimm aðila með heimsóknum eða tölvupósti og fastsettur tími til viðtals. Viðtölin voru tekin á tímabilinu 12. – 21. október 2022.

### 3.5 Mælitæki og framkvæmd

Gagnasöfnun (*e.data collection*) fór fram með hálfopnum viðtölum (*e.semistructured interviews*) við fimm einstaklinga. Hálfopin viðtöl gefa þátttakendum færi á að svara spurningum þannig að hægt sé að fá meiri umræður um viðfangsefnið. Öll viðtölin voru tekin í Borgarnesi á vinnustað viðkomandi. Fjórir viðmælenda eru búsettir í Borgarbyggð en einn í öðru sveitarfélagi á Vesturlandi. Viðtölin voru tekin upp á síma rannsakanda og því næst afrituð orðrétt eftir viðmælendum strax samdægurs eða daginn eftir og notuð við vinnslu verkefnisins. Samtals voru viðtölin 72,20 mínútur og voru 17 bls. af texta þegar búið var að afrita.

Mælitækið (*e.scales*) var spurningalisti með tíu spurningum sem rannsakandi samdi. Viðtalið hófst á tveimur opnum spurningum um starf viðkomandi og hversu lengi hann hefði sinnt því starfi. Spurningarnar höfðu það að markmiði að þær svöruðu rannsóknarspurningunni sem best. Spurningalistinn var sendur viðmælendum í tölvupósti áður en viðtölin fóru fram og einnig fylgdi upplýsingabréf þar sem rannsakandi kynnti rannsóknina og trúnaðarbréf sem var undirritað. Lagt var upp með að hvert viðtal tæki ekki lengri tíma en 30 mínútur. Þá skráði rannsakandi einnig niður minnispunkta til að leggja sérstaka áherslu á þau atriði sem honum þótti skipta máli.

Þá fór einnig fram gagnasöfnun með því að nota fyrirliggjandi gögn úr ársreikningum Borgarbyggðar og MB. Unnið var með töluleg gögn af heimasíðum Byggðastofnunar, Hagstofunnar, Menntamálastofnunar o.fl..

### 3.6 Réttmæti og áreiðanleiki

Réttmæti og áreiðanleiki þykja vera mælikvarðar á gæði rannsóknar hvort sem um er að ræða eigindlega- eða meginndlega rannsókn. Réttmæti má skipta í tvo þætti, innra réttmæti (*e.internal validity*) og ytra réttmæti (*e.external validity*). Innra réttmætið dregur fram gæði aðferðar sem notuð er og hversu trúverðugar ályktanir rannsakanda eru og að þær sýni rétta mynd af því sem er rannsakað. Sannleikurinn telst bundinn við þátttakendur rannsóknar. Í ytra réttmæti er vísað til þess hvort hægt sé að alhæfa um þýðið

---

(*e.population*) og aðstæður (*e.context*) út frá niðurstöðum. Áreiðanleiki (*e.reliability*) rannsóknar segir til um hversu marktæk rannsóknin telst og hvort niðurstöður rannsóknar yrðu þær sömu ef hún væri endurtekin (Sigríður Halldórsdóttir, 2016).

### 3.7 Siðferðileg álitamál

Þegar fjallað er um siðferðileg álitamál er oft stuðst við fjórar höfuðreglur sem hafa þarf í huga við rannsóknir. Þær eru: Sjálfræðisreglan, skaðleysisreglan, velgjörðarreglan og réttlætisreglan. Sjálfræðisreglan (*e. the principle of respect for autonomy*) byggir á upplýstu samþykki þátttakanda, að þeir séu upplýstir um tilgang rannsóknar. Að þeir geti hvenær sem er dregið sig út úr þátttöku. Mikilvægt er að upplýsa þátttakenda um trúnað og hvernig upplýsingar hans munu birtast. Skaðleysisreglan (*e.the principle of non maleficence*) byggir á mikilvægi þess að gæta að því að skaða ekki hagsmuni þátttakenda og að þátttaka þeirra feli ekki í sér ónauðsynlega hættu fyrir þá. Velgjörðarreglan (*e.the principle of beneficence*) byggir á því að rannsóknin leiði til ávinnings og láti gott af sér leiða. Reglan gengur út frá því að hún leiði í ljós það sem verið er að rannsaka þó það sé ekki endilega þátttakendum í hag. Fjórða reglan er svo réttlætisreglan (*e.the principle of justice*) sem byggir á því að allir hafi jafnan hag af rannsókninni (Sigríður Halldórsdóttir, 2016).

Höfundur rannsóknarinnar sendi upplýsingabréf til viðmælenda áður en viðtöl fóru fram (Sjá viðauka 9.1). Þar var útskýrt að ekki væri skylt að svara einstökum spurningum og jafnframt að viðmælenda væri heimilt að draga sig í hlé þegar hann óskaði meðan á viðtali stóð. Þá var tekið fram að um viðtölin gildi fullur trúnaður og svör væru ekki rekjanleg til viðmælenda. Í öllum samskiptum við viðmælendur var sýnd virðing og gætt að tímamörkum og trúnaði. Var þetta gert svo siðferðisþættir rannsóknarinnar væru uppfylltir.

Höfundur rannsóknar tók þátt í undirbúningi að stofnun MB á árunum 2005-2008 og var formaður byggingarnefndar skólans meðan á uppbyggingu hússins stóð og þekkir því til upphafsára og byggingarsögu hússins. Þá er rannsakandi málkunnugur öllum viðmælendum. Rannsakandi hefur ekki tengsl við MB eða Borgarbyggð nú þegar rannsókn stóð yfir. Kostir þessa geta verið þeir að rannsakandi hefur ágæta innsýn í þá hugmyndafræði sem lá til grundvallar stofnun skólans en gallarnir gætu verið hlutdrægni við greiningu gagna og úrvinnslu. Rannsakandi hefur enga hagsmuni er tengst gætu niðurstöðum rannsóknarinnar.



### 3.8 Greining

Við úrvinnslu og greiningu viðtala þá voru spurningar frá þrjú til tíu fyrst skoðaðar og greindar eftir innihaldi spurningar en einnig kóðaði rannsakandi með þemagreiningu (*e.thematic analysis*). Farið var yfir gögnin nokkrum sinnum eftir að viðtöl höfðu verið afrituð og ákveðið hvað tengist þeim yfirþemum sem höfðu verið ákveðin (Sigríður Halldórsdóttir, 2016). Rannsakandi hafði til hliðsjónar við ákvörðun á þemagreiningu að um samleitandi snið er að ræða í rannsókninni þar sem bæði eigindleg og megingindleg gögn verða borin saman og tengd í lokin. Yfirþemu sem greind voru úr viðtölunum eru þrjú. Í fyrsta lagi fjárhagsleg áhrif. Þar greindi rannsakandi undirþemu: Afkoma heimila, aukin not á húsinu, samningur við ríkið, skilað hagnaði og stór vinnustaður. Í öðru lagi nútíð. Þar greindi rannsakandi undirþemu: Brautryðjandi, framsækinn, jákvætt yfirbragð, menning, nýsköpun, stolt og tæknivæddur. Í þriðja lagi framtíð. Þar greindi rannsakandi undirþemu: Fjölgun íbúa, fjölgun nemenda, hærra menntunarstig, menningarmiðstöð, nemendagarðar, skólaakstur og stækkun.

Þegar rannsakandi taldi að gagnaöflun væri fulllokið þá voru töluleg gögn sett upp í kostnaðar- og ábatagreiningu og þær töflur og myndir sem notaðar eru í rannsókninni. Greiningin fór eftir fyrirfram ákveðnum listum sem rannsakandi setti upp bæði út frá upplýsingum sem hægt var að nálgast í ársreikningum MB og Borgarbyggðar og einnig áætluðum upphæðum sem gerð verða skil í kafla um kostnaðar- og ábatagreiningu.

## 4. Viðtalsrannsókn

Í þessum kafla verður farið yfir viðtöl úr eigindlegri rannsókn. Viðtölin voru tekin til að dýpka skilning rannsakanda á rekstri MB og Borgarbyggðar og draga fram viðhorf nokkurra aðila sem þekkja til reksturs MB og Borgarbyggðar. Þá verður dregið saman hvaða þemu spruttu úr viðtölunum.

### 4.1 Viðtöl

Tekin voru viðtöl við fimm einstaklinga hjá þremur stofnunum en þeir einstaklingar þekkja vel rekstur MB og Borgarbyggðar. Viðtölin fóru fram á tímabilinu 12. – 21. október. Rannsakandi hitti alla viðmælendur á vinnustöðum þeirra í Borgarnesi. Útbúinn var spurningalisti með tíu spurningum sem miðuðu að því að draga fram núverandi stöðu MB og rýna í framtíðina. Tvær fyrstu spurningarnar sneru almennt að starfi og starfstíma viðkomandi en spurningar þrjú til tíu snerust um styrkleika, veikleika, ógnanir, tækifæri,

---

stöðu MB innan samfélagsins, áhrif MB á sveitarfélagið, hvernig MB myndi þróast á næstu árum og annað sem viðmælandi vildi koma á framfæri. Viðmælendur er hér eftir nefndir; Viðmælandi A, B, C, D og E.

#### **4.1.1 Styrkleikar**

Viðmælendur voru spurðir að því hverja þeir teldu vera helstu styrkleika MB.

Viðmælandi A taldi helstu styrkleikana vera framsækni og hversu tæknivæddur skólinn var strax í upphafi. Viðmælandi B taldi styrkleikann felast í nálægð við samfélagið og Háskólana í Borgarbyggð. Þá skipti húsið miklu máli fyrir samfélagið í heild. Viðmælandi C taldi styrkleikana meðal annars felast í upphafinu, hann sé einkarekinn og ákveðinn brautryðjandi. Tæknimálin hafi skapað honum ákveðna sérstöðu og hann sé framsýnn skóli. Viðmælandi D sagði styrkleikann liggja í fámenninu. Skólinn gæti brugðist hratt við. Viðmælandi E tók í sama streng og taldi smæðina styrk. Hann væri framsækinn og fljótur að tileinka sér nýja hluti.

#### **4.1.2 Veikleikar**

Næsta spurning sneri að veikleikum MB og voru viðmælendur spurðir hverja þeir teldu vera helstu veikleikana.

Viðmælandi A taldi það vera sérhæfinguna og mikla áskorun fóligna í því að geta haldið gæðum í litlum skóla. Viðmælandi B ræddi um fjölbreytnina og að fámennið gæti verið hamlandi að því leyti. Viðmælandi C tók í sama streng með fámennið að þó það væri styrkur þá þyrfti skóli samt sem áður að hafa ákveðinn fjölda nemenda. Um 200 nemendur væri æskileg tala. Viðmælandi D taldi smæðina einnig vera veikleika á sama tíma og hún væri styrkleiki. Fram kom hjá viðmælanda E að smæðin hefði ekki háð skólanum varðandi starfsfólk og kannski hefði nálægðin við háskólana tvo og höfuðborgina átt þar hlut að máli. Smærri einingar væru þó alltaf viðkvæmari rekstrarlega.

#### **4.1.3 Ógnanir**

Viðmælendur voru spurðir hverja þeir teldu vera helstu ógn í framtíðinni í rekstri MB.

Viðmælandi A nefndi stuttan þjónustusamning við ríkið sem ógnun, fyrir þetta stórt fyrirtæki þyrfti að vera hægt að gera áætlanir lengra fram í tímann. Viðmælandi B taldi einnig að það væri ákveðin ógn að vera háður fjármagni frá ríkinu. Þá væri spurning hvort vangaveltur um framtíðarnotkun hússins flokkuðust með sem ógnun. Húsið væri stórt og mikilvægt að nýta það betur. Viðmælandi C taldi það ákveðna ógn að vera háður

---

fjárframlögum frá stjórnvöldum. Viðmælandi D tók í sama streng og taldi eina helstu ógn skólans vera menntamálaráðuneytið og það bákn sem menntayfirvöld eru. Jafnframt gæti það verið ógn ef íbúum fjölga ekki og þar sem börnum sé að fækka og þá muni ekki fjölga í skólanum. Viðmælandi E taldi ekki beint ógnun heldur áskorun framundan í ljósi þess að innfluttu fólki ætti eftir að fjölga og þá myndi reyna á tungumálið í fjölmenningslegu samhengi.

#### **4.1.4 Tækifæri**

Viðmælendur voru spurðir hver þeir teldu að væru helstu tækifæri í rekstri MB.

Viðmælandi A sagðist sjá mikil tækifæri í fjölgun íbúa á upptökusvæði skólans. Skólinn væri snöggur að bregðast við ef upp kæmu ný tækifæri og áskoranir og í því lægju tækifæri. Skólinn gæti líka verið meiri drifkraftur og miðja í samfélaginu en nú er. Tækifæri væru líka fólgin í að fá fleiri samstarfsaðila. Viðmælandi B sagðist sjá mörg tækifæri í því að nýta húsið betur án þess að það komi niður á rekstri skólans, möguleikarnir væru margir. Viðmælandi C sagðist sjá tækifæri í sérstöðu skólans og nýsköpun sem hann er að standa sig vel í. Það sé jákvætt skref að búið sé að kom á skólaakstri og nú sé heimavist í farvatninu, þar felist mörg tækifæri. Viðmælandi D taldi tækifærin liggja í nýjungum og framþróun sem skólinn er nú þegar að vinna að. Fjarnám eigi líka bara eftir að aukast og þar liggi tækifæri. Viðmælandi E taldi tækifærin felast í vaxandi fjölda íbúa á næstu árum og nálægð við höfuðborgarsvæðið. Ör tækniþróun væri líka tækifæri þar sem innan skólans sé metnaðarfullt starfsfólk sem er fljótt að tileinka sér nýja hluti.

#### **4.1.5 Staða MB innan samfélagsins**

Viðmælendur voru spurðir að því hvernig þeir mætu stöðu MB innan samfélagsins.

Viðmælandi A sagðist telja stöðuna góða og að tengsl við samfélagið séu að aukast. Viðmælandi B taldi stöðu skólans innan samfélagsins sterka og að almenningsálitið sé gott. Að skólinn auki styrk samfélagsins. Viðmælandi C benti á að kannanir sýndu jákvæð viðhorf til skólans. Skólinn geri sveitarfélagið að betri búsetukosti og íbúarnir finni það. Það hafi verið gleðidagur þegar skólinn var stofnaður og mjög jákvætt skref. Viðmælandi D taldi að það væri meðbyr með skólanum innan samfélagsins. Viðmælandi E sagðist merkja muninn á því að hafa skólann eða þegar viðmælandi E flutti í Borgarbyggð fyrst, þá voru engir framhaldskólanemar sýnilegir á veturna en núna auðgi þeir samfélagið mjög með veru sinni. Viðmælandinn taldi það vera beinan fjárhagslegan ávinning fyrir

---

fjölskyldur að þurfa ekki að senda börnin burtu í skóla. Almennt séð væri ímynd skólans mjög jákvæð.

#### **4.1.6 Áhrif MB á sveitarfélagið**

Viðmælendur voru spurðir hvaða áhrif MB hefði haft á sveitarfélagið.

Viðmælandi A taldi að nú væri samfélagið að uppskera eftir þau 15 ár sem skólinn hafi verið starfræktur. Menntunarstig sé hærra, skólinn sé stór vinnustaður og unga fólki sé að koma til baka eftir háskólamenntun. Það fylgi því mikil menning að hafa menntaskóla í heimabyggð, það sé verðmætt fyrir sveitarfélagið að hafa unga fólkið heima. Þau eru þátttakendur í félagsstarfi, íþróttastarfi og atvinnu. Viðmælandi B taldi að bygging hússins hafi verið mikil lyftistöng fyrir samfélagið. Það væri mikill styrkur fyrir samfélagið að hafa unga fólkið lengur heima, það drægi úr kostnaði heimila. Auk þess sem vera þeirra hafi jákvæð áhrif á félagslíf og allt mögulegt. Samfélagið sé mun öflugra fyrir vikið. Viðmælandi C talaði um hversu stoltir íbúar voru að fá skólann og það hefði styrkt sjálfsmýnd íbúa. Það hefði jafnframt mikil áhrif á fjárhag fjölskyldna. Þar að auki væri skólinn stór vinnustaður. Þar væru eftirsóknarverð störf sem hefðu aukið fjölbreytileika á svæðinu. Þá taldi viðmælandi C að húsið Hjálmaklettur skipti miklu máli í samfélaginu, húsið hefði orðið umgjörð um ýmiskonar starf og það mætti nýta enn betur. Viðmælandi D talaði um að íbúar væru stoltir af skólanum. Þá sé það mikil kostnaður ef senda þarf börn í burtu í framhaldsskóla auk þess sem fjölskyldur hafi oft á tíðum tekið sig upp og flutt þegar börn komust á framhaldsskólaaldur. Viðmælandi E taldi að mannlífið hefði styrkst í sveitarfélaginu. Viðmælandi E talaði einnig um beinan fjárhagslegan ávinning fyrir foreldra sem hefðu getað nýtt sér nálægð skólans. Hann hafi auðgað samfélagið á margan hátt.

#### **4.1.7 Þróun MB á næstu árum**

Viðmælendur voru spurðir að því hvernig þeir sæju MB þróast á næstu árum.

Viðmælandi A sagðist sjá fyrir sér að skólinn ætti mikla möguleika á að stækka. Nemendafjöldi myndi aukast bæði í staðnámi og fjarnámi. Nemendagarðar verði til þess að hann stækki á næstu 2-5 árum. Skólinn geti áfram tekið að sér ýmis þróunarverkefni og ætti að auka samstarf við háskólana. Viðmælandi B sagðist sjá fyrir sér að skólinn vaxi og dafni. Í skólanum sé mikill kraftur og mikið af nýjum hlutum í farvatninu. Viðmælandi C sagðist sjá þróunina með jákvæðum hætti. Skólinn sé ferskur og sífellt með nýjungar sem geri hann ferskan og aðlaðandi. Skoða þurfi betri tengingu við almenningssamgöngur. Það

---

sé mikill auður að hafa þrjá framhaldsskóla á Vesturlandi. Það sé þannig að því hærra sem menntunarstigið er í samfélaginu því jákvæðara er almennt viðhorf íbúa og það sé styrkur. Viðmælandi D taldi að þróunin lægi í tæknimálum og nýjungum. Viðmælandi E sagðist sjá MB fyrir sér í framtíðinni sem miðstöð fyrir ýmsa þjónustu, skólinn og húsið gæti hæglega orðið menningar- og menntamiðstöð.

#### **4.1.8 Annað**

Viðmælendur voru að lokum spurðir hvort það væri eitthvað annað sem þeir vildu koma á framfæri.

Viðmælandi A sagðist telja mikla möguleika felast í auknu samstarfi allra skólastiga í sveitarfélaginu. Viðmælandi B sagði að það væri frábært að þetta verkefni skyldi fara af stað á sínum tíma. Ekki hefðu allir verið á einu máli hvort það væri sniðug hugmynd að byggja húsið eða stofna skólann almennt, hvað þá fara þessa leið að reka hann í einkahlutafélagi. Þá var staðsetning hússins umdeild. Viðmælandi B taldi flesta sátta við þetta í dag. Viðmælandi C sagði að stofnun Menntaskóla Borgarfjarðar væri eitt af þeim verkefnum sem á síðustu áratugum hefið haft einhver mestu áhrif á samfélagið í Borgarbyggð. Viðmælandi D taldi að skólinn væri sannkallaður hornsteinn í héraði eins og sparisjóðurinn hefði verið áður. Nú höfum við unglíngana okkar heima, áður tæmdist allt hér af ungu fólki í byrjun september, bærinn var bara eldri borgarar og börn en nú eru þau heima allan ársins hring.

#### **4.1.9 Þemagreining**

Viðtölin voru þemagreind og úr þeim spruttu þrjú yfirþemu. Þar sem um er að ræða bæði meginlega og eigindlega aðferð og rannsakandi styðst við samleitandi snið þá eru þemun í lok rannsóknar borin saman við meginlega rannsókn og tengd í lokin á rannsókninni. Yfirþemu hafa hér verið skilgreind sem fjárhagsleg áhrif, nútíð og framtíð.

#### **4.1.10 Fjárhagsleg áhrif**

Til að greina úr viðtölunum hvað tengist best við rannsóknarspurninguna varðandi fjárhagsleg áhrif skólans þá voru flokkuð þar nokkur undirþemu eins og kemur fram í kafla um greiningar nr. 3.8.

Varðandi áhrif á afkomu heimila þá sagði viðmælandi C: „að þetta er heilmikil búbót fyrir íbúa að hér sé framhaldsskóli og hérna og vegna þess að það er auðvitað töluverður kostnaður þegar þú sendir börnin þín í framhaldsskóla annað“.

---

Viðmælandi C benti á mikilvægi starfa MB í samfélaginu og hússins:

Þetta eru svona eftirsóknarverð störf sem verða til þarna og hérna að þannig að allt þetta hefur svona skólinn komið með inn í samfélagið og verið mjög jákvætt og þetta líka hérna að skólinn tekur til starfa rétt áður en að Borgarbyggð gengur í gegnum mjög erfiða tíma í kjölfar kreppunnar. Þannig að bara það að vera kominn með þessi 18 störf rétt áður en það gerðist skipti okkur miklu máli. En ég held að sko svo má auðvita segja að húsið Hjálmaklettur skipti líka máli í samfélaginu.

Viðmælandi E benti á fjárhagslegan ávinning heimila sem nýttu sér MB:

Þetta hefur styrkt fjárhag heimilanna. Ég reiknaði það nú einhvern tímann lauslega út að það að nemandi fari ekki að heiman væri í rauninni kostnaður upp á einhverjar tíu Kanaríeyjaferðir fyrir tvo. Það munar nú um minna þannig að það er heilmikill beinn fjárhagslegur ávinningur fyrir þá foreldra sem hafa getað nýtt sér þessa nálægð sem eru býsna margir.

Viðmælandi A benti á jákvæða afkomu skólans fjárhagslega: „skóli sem er mjög vel rekinn, hefur skilað hagnaði í mjög mörg ár“.

Viðmælandi B benti á að skólinn væri háður fjármagni frá ríkinu og að auka mætti notkun á húsinu: „það er auðvita að hann er skólinn sem slíkur er háður fjármagninu frá ríkinu.“ „Það er alltaf einhver umræða þar um að auka notkun á húsinu“.

Viðmælandi C nefndi áhrif skólans og tók svo til orða: „Ég held að þetta sé eitt af þeim verkefnum sem hafi haft á síðustu nokkrum áratugum einhver mestu áhrif á samfélagið og það sé stofnun menntaskóla Borgarfjarðar“.

#### **4.1.11 Nútíð**

Framsækni var viðmælendum hugleikið orð í viðtölunum, að skólinn væri framsækinn, hann hefði jákvætt yfirbragð og með honum kæmi ákveðin menning. Þannig komst viðmælandi C að orði: „Hvað skólinn var framsýnn í upphafi varðandi tæknimál og tölvumál og allt slíkt sem ég held að hafi gefið honum jákvætt yfirbragð“.

Viðmælandi A taldi að það fylgdi mikil menning því að hafa menntaskólann og tók svo til orða:

það er sko bara svo mikil menning sem fylgir því að hafa menntaskóla, ekki bara hvað þú ert að, hversu margar einingar nemendur hafa heldur bara sko að hér sé

---

unga fólki á þessum aldri sem samfélaginu er gríðarlega verðmætt og bara þátttaka þeirra í öðru, þátttaka þeirra í félagsstarfi, íþróttastarfi, atvinnu og bara að þau séu að eyða aurunum sínum hér en ekki annarsstaðar.

Viðmælandi C tók svo til orða: „Fólk var svona afar stolt af því að fá skólann og það styrkti töluvert ímyndina almennt og sjálfsmynd íbúa að hér var kominn framhaldsskóli“.

Viðmælandi D nefndi stolt og tók svo til orða: „Ég held að það sé bara stoltið að vera með til dæmis skóla á öllum skólastigum og þar af leiðandi er mjög flottan menntaskóla ég held bara að það sé flott að ætla að flytja í Borgarnes,“

Viðmælandi B nefndi kraftinn í starfinu: „Mér finnst vera núna óskaplega mikill kraftur þarna í starfinu þarna“.

#### **4.1.12 Framtíð**

Þegar þemað framtíð var greint úr viðtölunum komu fram fjölmargir þættir sem þar falla undir. Nokkur samhljómur var með viðmælendum í því þema eins og öðrum.

Viðmælandi C sá heimavist og skólaakstur sem mikil tækifæri í framtíðinni og sagði: „Þannig að upptökusvæðið, við getum stækkað það með annars vegar með skólaakstrinum sem er ákveðið skref og síðan verður náttúrulega góð heimavist sem ég tel að muni gera útslagið“.

Viðmælandi E sá í framtíðinni tækifæri með fjölgun: „Okkur mun fjölga og það mun hafa mikil áhrif á höfuðborgarsvæðinu og hún mun alveg ná hingað og það er gríðarlegt tækifæri fyrir þennan skóla, það er fjölgunin“.

Viðmælandi C nefndi hvað MB myndi skipta miklu máli til framtíðar fyrir samfélagið:

Að hann nefndi einhvern tímann að Menntaskóli Borgarfjarðar myndi skipta meira máli fyrir samfélagið en háskólarnir. Þannig að það sýnir hvaða hug menn báru til skólans og ég held að ég geti alveg sagt beri enn.

Viðmælandi A nefndi hærra menntunarstig og áhrif á samfélagið: „En áhrifin á hærra menntunarstig og áhrifin á að menn fari í framhaldsmenntun og séu jafnvel að koma til baka finnst mér vera að koma í ljós núna“.

Viðmælandi E sá fyrir sér að húsið myndi gegna margs konar hlutverki til framtíðar og komst svo að orði:

Fyrir einskonar miðstöð, ég veit ekki hvort það ætti að kalla það félagsmiðstöð, til dæmis ef safnahúsið væri þarna annað hvort við hliðina, jafnvel inni, þá væri

---

kannski einmitt hægt að byggja þarna meira af þjónustu sem kallar á fleiri íbúa, úr fleiri aldurshópum, dvalarheimilið er þarna rétt hjá. Þetta gæti orðið svolítið skemmtileg svona miðstöð.

## 4.2 Samantekt viðtalsrannsóknar

Viðmælendur voru nokkuð samhljóða í mörgum svörum við spurningum rannsóknarinnar. Almennt séð væru styrkleikarnir þekktir. Tæknimálin, framsækni og nálægð við háskólana var þar áberandi. Veikleikana töldu flestir vera smæðina og sérhæfinguna. Fjórir af fimm viðmælendum töldu ákveðna ógn í því að vera háð fjármagni frá ríkinu. Einn viðmælandi sá ákveðna áskorun undir þessum lið varðandi fólksfjölgun. Varðandi tækifæri skólans þá var samhljómur í svörum viðmælenda hvað varðar fjölgun nemenda í framtíðinni og nauðsyn þess að nýta húsið betur. Skólaakstur og heimavist töldu þeir opna ný tækifæri.

Allir viðmælendur mátu stöðu MB innan samfélagsins sterka. Skólinn styrki samfélagið og af honum sé fjárhagslegur ávinningur fyrir fjölskyldur. Um áhrif MB á sveitarfélagið kom fram að nú sé samfélagið að uppskera eftir 15 rekstrarár. Húsið sé líka lyftistöng fyrir samfélagið. Skólinn styrkti sjálfsmynd íbúa, þar væru eftirsóknarverð störf sem skiptu máli. Íbúar væru stoltir af skólanum.

Varðandi þróun MB á næstu árum kom fram hjá öllum viðmælendum að þeir sæju mikla möguleika á ýmsum nýjum verkefnum og að skólinn vaxi og dafni. Hann hækki menntunarstig og það sé styrkur. Áframhald verði í þróun tæknimála og nýjungum. Húsið þróist í að vera menningar- og menntamiðstöð.

Annað sem viðmælendur komu á framfæri var tengt miklum möguleikum skólans á samstarfi meðal annars við háskólana og að í dag heyrðust ekki óánægjuraddir með stofnun skólans eða staðsetningu. Einn viðmælandi taldi stofnun skólans það sem hefði haft hvað mest áhrif á samfélagið síðustu áratugi.

## 5. Kostnaðar- og ábatagreining

Í þessum kafla verður farið yfir tekjur og gjöld af rekstri MB, rekstri Hjálmakletts og skoðaðar verða tölur frá sveitarfélaginu Borgarbyggð. Varpað verður ljósi á rekstrarniðurstöðu Hjálmakletts og MB. Þá verður útskýrt hvað stendur á bakvið tölur í kostnaðar- og ábatagreiningu og gerð grein fyrir því hvaða forsendur voru settar upp fyrir útreikninga og mismunandi sviðsmyndir skoðaðar. Í lokin verða tölur vegna kostnaðar- og ábatagreiningar settar upp í lista og niðurstaða dregin fram.




Leitast verður við að greina hvaða ábata fjölskyldur í Borgarbyggð hafa mögulega haft af því að þurfa ekki að senda nemendur í framhaldsnám fjarri heimabyggð. Allar tölur hafa verið reiknaðar með neysliverðsvísitölu til verðlags ársins 2021.

## 5.1 Rekstur Menntaskóla Borgarfjarðar

Ársreikningar MB á árunum 2007-2021 sýna glögglega tekjur og gjöld við rekstur skólans. Uppreiknað rekstrarframlag ríkisins til MB í 15 ár nemur 3.375 milljónum. Lang stærsti kostnaðarliður MB er launakostnaður og uppreiknaður er sá kostnaður á 15 ára tímabili 2.258 milljónir. Greidd leiga til Borgarbyggðar nemur 639,6 milljónum uppreiknað þessi 15 ár. Skólinn hefur langflest árin verið rekinn með hagnaði og uppreiknaður hagnaður samtals þessi 15 ár eru 225,5 milljónir. Mynd nr. sex sýnir rekstrarniðurstöðu MB ár hvert 2007-2021.

**Mynd 6** Rekstrarniðurstaða MB 2007-2021.




*Skýring:* Samantekt rannsakanda. Heimild: (Menntaskóli Borgarfjarðar 2022c).

## 5.2 Rekstur Hjálmakletts

Húsið Hjálmaklettur er 3.329,9 fm að stærð og stendur á 12.815 fm lóð að Borgarbraut 54 í Borgarnesi (Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, 2022). Árið 2010 eignaðist Borgarbyggð húsið með samningi við Íslandsbanka. Borgarbyggð endurleigir hluta hússins til MB og hluta þess til RÚV á Vesturlandi. Allur rekstur hússins er skráður í gegnum B hluta fyrirtæki í ársreikningi Borgarbyggðar. Þegar Borgarbyggð eignaðist húsið var eignin færð sem fastafjármunir í ársreikningum 2010 að andvirði 903,1 milljón. Uppreiknaðar tekjur

af húsaleigu eru 1.152 milljónir. Tölur vegna húsaleigu má finna í ársreikningum MB og Borgarbyggðar en rannsakandi áætlaði tölur til tekna fyrir árin 2008-2010 með því að miða við forsendur ársins 2011. Þær tekjur innifela leigu fyrir húsið frá MB auk þess sem Borgarbyggð færir leigu frá sínum stofnunum sem nota húsið. Má þar nefna vegna árshátíða grunnskóla eða funda á vegum sveitarfélagsins og stofnana þess. Einnig bókast þar leigutekjur fyrir beina útleigu á húsin en ekki fengust sundurliðaðar upplýsingar um beinar leigutekjur utan þess sem áður er tilgreint. Yfir sama tíma er uppreiknaður annar rekstrarkostnaður hússins 271,1 milljón á verðlag ársins 2021. Afborgun af lánum á tímabilinu nemur 359,2 milljónum. Kostnaður vegna vaxtagjalda og verðbóta nemur á þessum 11 árum 638 milljónum. Borgarbyggð skuldbreytti lánum árið 2020 og létti það umtalsvert á vaxtakostnaði (Eiríkur Ólafsson 15.09.2022 munnleg heimild). Sveitarfélagið færir í sínar bækur einnig framlög frá eigin sjóðum sem framlag til menningarhúss og sá kostnaður nam fyrir þessi 11 ár 450,5 milljónum á verðlagi ársins 2021. Að teknu tilliti til annarra gjalda þá er rekstrarniðurstaða hússins jákvæð sem nemur 133,6 milljónum fyrir þessi 11 ár. Í árslok 2021 var húsið fært í bókum Borgarbyggðar sem eign að andvirði 679,6 milljóna. Mynd nr. sjö sýnir rekstrarniðurstöðu Hjálmakletts árin 2011-2021 eftir að Borgarbyggð eignaðist húsið.

**Mynd 7** Rekstrarniðurstaða Hjálmakletts 2011-2021.



*Skýring:* Samantekt rannsakanda. Heimild: (Borgarbyggð 2022c).

### 5.3 Skuldbinding Borgarbyggðar

Greinagóðar upplýsingar var að fá úr ársreikningum Borgarbyggðar frá því Borgarbyggð leigði húsin fyrstu árin af fasteignafélaginu Menntaborg og eftir að sveitarfélagið eignaðist Hjálmaklett árið 2011. Á heimasíðu Borgarbyggðar má sjá bæði ársreikninga og sundurliðanir og komu þeir að miklu gagni og er stuðst við upplýsingar úr þeim í þessari rannsókn (Borgarbyggð 2022c). Í ársreikningi 2008 var tilgreint um leigusamning við fasteignafélagið Menntaborg ehf í Borgarnesi sem þá var rekstraraðili hússins. Nam þá árleg greiðsla Borgarbyggðar til Menntaborgar ehf 128,6 milljónum miðað við verðlag þess árs í árslok 2008 en Borgarbyggð endurleigði svo húsnæðið til MB. Jafnframt var tilgreint að núvirði skuldbindingar leigusamningsins næmi 1.779 milljónum króna miðað við 5% ávöxtunarkröfu (Borgarbyggð, 2008).

Í ársreikningi Borgarbyggðar árið 2009 var tilgreint að í apríl 2010 hafi verið kominn á húsaleigusamningur vegna endurleigu á hluta af húsnæðinu til MB og átti árleg leigugreiðsla MB að nema 41 milljón til Borgarbyggðar. Þá var gert ráð fyrir að sveitarfélagið greiddi húsaleigu samtals 50,2 milljónir á árinu 2009 sem þá kæmi sem greiðsla vegna notkunar hússins sem menningarhúss. Skuldbinding sveitarfélagsins nam 1.151 milljónum í árslok 2009 (Borgarbyggð, 2009).

### 5.4 Sundurliðun á kostnaðar- og ábatagreiningu

Hér verður nánar greint frá einstaka liðum sem notaðir eru í kostnaðar- og ábatagreiningu. Liðir geta verið beinn kostnaður sem þá er unnin upp úr þekktum tölum í ársreikningum, sumir liðir eru áætlaðir miðað við þekktar upplýsingar og eru þá skilgreindir þannig.

Sú aðferðafræði sem rannsakandi beitti í tengslum við kostnaðar- og ábatagreininguna var að setja sér nokkur skref til að fara eftir í uppsetningu. Þegar farið var yfir ársreikninga MB og Borgarbyggðar mátti vinna úr þeim ákveðinn ramma fyrir upplýsingar til að nota. Settir voru upp tveir listar, annar fyrir kostnað og hinn fyrir ábata og eru listarnir tilgreindir í töflu nr. fimm.

Beini og þekkti kostnaðurinn fékkst með tölum úr ársreikningum MB og Borgarbyggðar þar sem húsið Hjálmaklettur er skilgreint sem B hluta fyrirtæki. Einskiptis kostnaður er kostnaður sem er ekki reglubundinn eða kemur einu sinni fyrir. Í ársreikningum MB og Borgarbyggðar var hægt að nálgast greinargóðar upplýsingar um reksturinn fyrir beinan kostnað. Til að nálgast tölur sem við nefnum áætlaðan kostnað eða ábata, voru kostnaðar og tekjutölur settar fram út frá fyrirfram gefnum forsendum og verða útskýrðar hér betur. Allar tölur hafa verið uppreiknaðar með neysluverðsvísitölu til ársins

2021 (Hagstofa Íslands, 2022b). Tafla fimm sýnir þá liði sem notaðir voru og samantekt kostnaðar- og ábatagreiningar áráanna 2007-2021.

**Tafla 5** Liðir sem notaðir eru í kostnaðar- og ábatagreiningu.

<b>Kostnaðar- og ábatagreining</b>	
<b>Kostnaður</b>	
Afborgun lána	359.292.983
Vaxtagjöld og verðbætur	638.176.700
Annar rekstrarkostnaður húss	271.171.932
Laun húsvaðar áætluð	55.226.695
Millifærsla vegna menningarhúss	450.581.050
Notkun íþróttamannvirkja áætluð	83.898.092
Fasteignagjöld áætluð	121.261.147
Húsaleiga Borgarbyggðar til Menntaborgar ehf	440.525.094
<b>Einskiptis áhrif</b>	-
Hlutafé í MB Borgarbyggð (2006)	107.022.506
<b>Samtals</b>	<b>2.527.156.199</b>
<b>Ábati</b>	
Húsaleiga sem MB greiðir Borgarbyggð	639.654.944
Önnur leiga. Eigin stofnanir og útleiga húss	512.701.065
Tekjur frá nemendum	75.275.337
Mötuneyti	57.471.554
Annað	40.457.847
Útsvar áætlað	334.797.116
<b>Samtals</b>	<b>1.660.357.863</b>
<b>Hreinn ávinningur eða kostnaður</b>	<b>- 866.798.336</b>

*Skýring:* Samantekt rannsakanda.

#### 5.4.1 Afborgun lána

Sveitarfélagið Borgarbyggð hefur nýlega skuldbreytt láni sínu vegna Hjálmakletts. Lánveitandi er Arion banki og er lánið óverðtryggt með breytilegum vöxtum sem nú á haustdögum 2022 eru 7,56% (Eiríkur Ólafsson, munnleg heimild 4. nóvember 2022). Upphæð vegna afborgunar lána er hægt að sjá út úr ársreikningum Borgarbyggðar fyrir árin 2011-2021 og er uppreiknuð upphæð 359,2 milljónir sem færðar eru sem kostnaður í greiningunni.

#### 5.4.2 Vaxtagjöld og verðbætur

Vaxtagjöld og verðbætur á árunum 2011-2021 eru uppreiknaðar 638,1 milljónir. Í ársreikningum Borgarbyggðar vegna Hjálmakletts árið 2020, sést að endurfjármögnun lána hefur lækkað fjármagnskostnað úr 45, 5 milljónum í 26,2 milljónir milli ára. Vaxtagjöld og verðbætur eru færð sem kostnaður í greiningunni.

### **5.4.3 Afskriftir**

Afskriftir eru færðar af húsinu Hjálmakletti í ársreikningum Borgarbyggðar. Rannsakanda þykir rétt að skýra hér að bókhaldslegar afskriftir eru ekki teknar með í kostnaðar- og ábatagreiningu. Það er í samhljómi við Boardman o.fl., (2018) þar sem kemur fram að ekki eigi að nota bókhaldslegar afskriftir í kostnaðar- og ábatagreiningu og eru þær því ekki notaðar í þessari greiningu (Boardman o.fl., 2018).

### **5.4.4 Annar rekstrarkostnaður**

Annar rekstrarkostnaður húss er færður í ársreikningum Borgarbyggðar fyrir Hjálmaklett árin 2011-2021 og nemur sá kostnaður uppreiknaður 271,1 milljón og er færður sem kostnaður í greiningunni.

### **5.4.5 Húsvarsla**

Fyrstu rekstrarár MB var húsvörður á launaskrá. Ekki var um fullt starf að ræða fyrstu árin svo rannsakandi notar tölur sem fengust úr ársreikningi MB og launin áætluð frá 2008-2021 með því að bæta 5% hækkun við árlega. Með því fékkst talan 55.2 milljónir fyrir 14 ára tímabil sem er færð sem kostnaður í greiningunni. Í dag skipta MB og Borgarbyggð á milli sín kostnað við laun húsvarðar í 100% starfi þannig að MB greiðir 50% og Borgarbyggð 50% (Eiríkur Ólafsson, munnleg heimild, 6.nóvember 2022).

### **5.4.6 Millifærsla vegna menningarhúss**

Borgarbyggð millifærir í ársreikningi sínum sem tekjur fyrir Hjálmaklett, ákveðna upphæð sem skilgreind er sem framlag sveitarfélagsins vegna menningarhúss. Þessi upphæð er færð í ársreikningi í lok rekstrarreiknings Hjálmakletts ár hvert, á eftir fjármunatekjum/fjármagnsgjöldum. Þessi tala nemur uppreiknuð 450,5 milljónum á árunum 2011-2021 og er færð sem kostnaður fyrir Borgarbyggð í greiningunni.

### **5.4.7 Notkun á íþróttamannvirkjum**

Kostnaður vegna notkunar nemenda MB á íþróttamannvirkjum sveitarfélagsins í Borgarnesi er áætluð tala. Þannig var fengin tala úr ársreikningi hvers árs hjá Borgarbyggð yfir heildarkostnað í málaflokknum æskulýðs- og íþróttamál. Innan sveitarfélagsins eru íþróttamannvirki á þremur stöðum, í Borgarnesi, á Kleppjárnsreykjum og á Varmalandi. Reiknað er með í rannsókninni að nemendur MB nýti aðallega íþróttamiðstöðina í Borgarnesi og útisvæðið sem þar er. Heildarkostnað málaflokksins fyrir hvert ár má finna í ársreikningum Borgarbyggðar.

Kostnaði fyrir árin 2007-2021 var deilt með fjölda íbúa og á þann hátt fundin tala

á hvern íbúa sem síðan var margfölduð upp miðað við fjölda nemenda í MB. Í ársreikningum eru tölur miðað við almanaksárið en tölur sem hér eru notaðar miðast við níu mánaða notkun nemenda. Með því að nota 50% af þeirri tölu fékkst uppreiknuð tala 83,8 milljónir sem væri kostnaður vegna notkunar nemenda MB á íþróttamannvirkjum á árunum 2007-2021. Ekki þótti rétt að nota heildartölu málaflokksins þar sem innan hans er ýmis þjónusta tengd mannvirkjum og félagsmiðstöðvum og fleiru í rekstri um allt sveitarfélagið sem nemendur MB eru ekki að nota. Sviðsmyndagreining á töflu nr. sex sýnir breytileikann ef notast er við hærra hlutfall en 50% af kostnaði við íþróttamannvirki á hvern nemenda.

**Tafla 6** Sviðsmyndagreining mismunandi prósentu hlutfalla notkun á íþróttamannvirkjum.

Sviðsmyndir	100% kostnaður m.v íbúa	90% kostnaður m.v íbúa	60% kostnaðar m.v. íbúa	50% kostnaðar m.v. íbúa
<b>Kostnaður</b>				
Afborgun lána	359.292.983	359.292.983	359.292.983	359.292.983
Vaxtagjöld og verðbætur	638.176.700	638.176.700	638.176.700	638.176.700
Annar rekstrarkostnaður húss	271.171.932	271.171.932	271.171.932	271.171.932
Laun husvarðar áætluð	55.226.695	55.226.695	55.226.695	55.226.695
Millifærsla vegna menningarhúss	450.581.050	450.581.050	450.581.050	450.581.050
<b>Notkun íþróttamannvirkja áætluð</b>	<b>167.796.184</b>	<b>151.016.566</b>	<b>100.677.710</b>	<b>83.898.092</b>
Fasteignagjöld áætluð	121.261.147	121.261.147	121.261.147	121.261.147
Húsaleiga Bb til Menntaborgar	440.525.094	440.525.094	440.525.094	440.525.094
Hlutafé í MB gr af Borgarbyggð	107.022.506	107.022.506	107.022.506	107.022.506
<b>Samtals kostnaður</b>	<b>2.611.054.291</b>	<b>2.594.274.673</b>	<b>2.543.935.817</b>	<b>2.527.156.199</b>
<b>Ábati</b>				
Húsaleiga sem MB greiðir til Borgarbyggðar	639.654.944	639.654.944	639.654.944	639.654.944
Önnur leiga. Eigin stofnanir og útleiga húss	512.701.065	512.701.065	512.701.065	512.701.065
Tekjur frá nemendum	75.275.337	75.275.337	75.275.337	75.275.337
Mötuneyti	57.471.554	57.471.554	57.471.554	57.471.554
Annað	40.457.847	40.457.847	40.457.847	40.457.847
Útsvar áætlað	334.797.116	334.797.116	334.797.116	334.797.116
<b>Samtals ábati</b>	<b>1.660.357.863</b>	<b>1.660.357.863</b>	<b>1.660.357.863</b>	<b>1.660.357.863</b>
<b>Hreinn ávinningur eða kostnaður</b>	<b>- 950.696.428</b>	<b>- 933.916.810</b>	<b>- 883.577.954</b>	<b>- 866.798.336</b>

Skýring: Samantekt rannsakanda.

#### 5.4.8 Fasteignagjöld

Fasteignagjöld eru einn af lögbundnu tekjustofnum sveitarfélaga. Í rannsókninni er gert ráð fyrir að sveitarfélagið hefði notið tekna af öðrum byggingum á lóðinni af óskyldum aðila hefði Hjálmaklettur ekki verið byggður. Áætluð fasteignagjöld af húsi eru reiknuð miðað við álagningarhlutfall Borgarbyggðar árin 2010-2021. Var það gert með því að nota eignfærða upphæð hússins Hjálmakletts í ársreikningum Borgarbyggðar og nota álagningarhlutfall B fasteignagjalda. Álagningahlutfallið má sjá í ársreikningi hvers árs á heimasíðu Borgarbyggðar. Með því fékkst talan 121,2 milljónir í áætluð fasteignagjöld sem færð er sem áætlaður kostnaður í greiningunni.

#### **5.4.9 Húsaleiga til Menntaborgar ehf**

Í skýringum með ársreikningi Borgarbyggðar árin 2008, 2009 og 2010 er gerð grein fyrir leigu sem Borgarbyggð greiddi til þáverandi eiganda og rekstraraðila Hjálmakletts, fasteignafélagsins Menntaborgar ehf. Fram kemur að árið 2008 var árleg leigufjárhæð 128,6 milljónir, árið 2009 var leigufjárhæðin 134 milljónir og árið 2010 var um að ræða 124,7 milljónir. Félaginu Menntaborg var síðan slitið eftir að Borgarbyggð eignaðist Hjálmaklett og allur rekstur frá árinu 2011 færður í ársreikningum Borgarbyggðar. Uppreiknuð nemur þessi leiguupphæð samtals 440,5 milljónum og er færð sem kostnaður í greiningunni. Á þessum árum greiddi Borgarbyggð heildar leigu kostnað til Menntaborgar ehf fyrir húsið og MB greiddi húsaleigu til Borgarbyggðar.

#### **5.4.10 Einskiptis kostnaður**

Einskiptis kostnaður eða einskiptis áhrif er kostnaður sem kemur einungis fyrir einu sinni í greiningunni og er ekki árlegur eða reglubundinn. Í rannsókninni er tilgreindur einskiptis kostnaður frá árunum 2006 og 2007 er Borgarbyggð lagði hlutafé í MB. Var þar um að ræða 10 milljónir í hlutafé sem síðar var aukið um 20,2 milljónir og seinna um 28 milljónir með því að færa gatnagerðargjöld hússins sem hlutafé. Þá er bókfærð eign í ársreikningi Borgarbyggðar 58,2 milljónir. Uppreiknuð frá árinu 2007-2021 með neysluverðsvísitölu nemur sú tala 107 milljónum og er færð þannig sem kostnaður í greiningunni.

#### **5.4.11 Húsaleiga frá MB til Borgarbyggðar**

Húsaleiga sem MB hefur greitt á tímabilinu 2008-2021 til Borgarbyggðar fyrir afnot af húsinu er uppreiknuð 639,6 milljónir sem ábati Borgarbyggðar. Húsaleiga sem MB greiðir til Borgarbyggðar fer eftir því húsnaðisframlagi sem skólinn fær greitt frá ríkinu (Eiríkur Ólafsson, munnleg heimild, 6.11.2022) . Húsaleigan kemur fram í sundurliðun ársreiknings MB.

#### **5.4.12 Önnur leiga**

Önnur leiga er tilgreind sem ábati Borgarbyggðar en hún innifelur útleigutekjur Hjálmakletts og tekjur frá stofnunum sveitarfélagsins með millifærðri leigu. Upphæðir fyrir áætlaða innri leigu og útleigutekjur koma fram í ársreikningum Borgarbyggðar árin 2011-2021. Árin 2008 -2010 áætlaði rannsakandi þá tölu miðað við forsendur ársins 2011 þar sem Menntaborg ehf átti þá húsið. Samtals er önnur leiga þannig uppreiknuð upphæð 512,7 milljónir.

#### **5.4.13 Tekjur frá nemendum**

Tekjur frá nemendum eru í ársreikningum MB og eru í ábata hlið en það eru tekjur sem myndast við greiðslu nemenda á skólagjöldum, leigugjöldum af tölvum o.fl., og nema á árunum 2008-2021 75,2 milljónum.

#### **5.4.14 Mötuneyti**

Mötuneyti hefur verið rekið í MB frá árinu 2009 og tölur sem koma fram í ársreikningi MB og eru frá árunum 2009-2021 mynda uppreiknaða upphæð 57,4 milljónir og eru færðar sem ábati.

#### **5.4.15 Annað**

Undir þennan lið falla aðrar tekjur bókaðar í ársreikningi MB árin 2007-2021. Þar er um að ræða aðra sölu, sérverkefni og aðrar tekjur samkvæmt ársreikningi. Þessir liðir eru ekki árlegir en eru teknir með þar sem þeir mynda tekjur innan skólans og þar með innan samfélagsins. Samtals mynda þessir liðir uppreiknaðar tekjur að andvirði 44,7 milljónir og eru færðar sem ábati.

#### **5.4.16 Útsvar**


Útsvar af starfsmönnum MB rennur til Borgarbyggðar og er áætluð tala og tilgreint sem ábati. Að öðru leyti eru launatekjur eða gjöld af starfsmönnum ekki notuð í greiningunni. Útsvarið er fundið með því að nota álagningarhlutfall hvers árs 2007-2021 innan Borgarbyggðar og afreikna af launum sem MB er að greiða. Töluna laun og launatengd gjöld er að finna í ársreikningum MB. Álagningahlutfall hvers árs er að finna í skýringum í ársreikningum Borgarbyggðar. Með því að nota þessar upplýsingar fást útsvarsgreiðslur frá starfsmönnum MB að upphæð 334,7 milljónir

### **5.5 Samantekt kostnaðar- og ábatagreiningar**

Heildar niðurstaða kostnaðar- og ábatagreiningar með þessum hætti árin 2007-2021 sýnir kostnað umfram ábata 866,7 milljónir miðað við gefnar forsendur eins og sýnt er á töflu nr. sjö. Tölur sem eru millifærðar mynda ekki beinan útlagðan kostnað hjá sveitarfélaginu heldur eru færðar bæði sem kostnaður og tekjur innan ársreiknings Borgarbyggðar og Hjálmakletts. Mynd nr. átta sýnir glögg mismun milli ára í kostnaði og ábata. Þar sést að bilið hefur farið minkandi síðustu tvö ár, 2020 og 2021.



**Mynd 8** Kostnaður eða ábati ár hvert 2007-2021.



*Skýring:* Samantekt rannsakanda.

**Tafla 7** Niðurstaða kostnaðar- og ábatagreiningar 2007-2021.

<b>Kostnaðar- og ábatagreining</b>	
<b>Kostnaður</b>	
Afborgun lána	359.292.983
Vaxtagjöld og verðbætur	638.176.700
Annar rekstrarkostnaður húss	271.171.932
Laun húsvaðar áætluð	55.226.695
Millifærsla vegna menningarhúss	450.581.050
Notkun íþróttamannvirkja áætluð	83.898.092
Fasteignagjöld áætluð	121.261.147
Húsaleiga Borgarbyggðar til Menntaborgar ehf	440.525.094
<b>Einskiptis áhrif</b>	-
Hlutfé í MB Borgarbyggð (2006)	107.022.506
<b>Samtals</b>	<b>2.527.156.199</b>
<b>Ábati</b>	
Húsaleiga sem MB greiðir Borgarbyggð	639.654.944
Önnur leiga. Eigin stofnanir og útleiga húss	512.701.065
Tekjur frá nemendum	75.275.337
Mötuneyti	57.471.554
Annað	40.457.847
Útsvar áætlað	334.797.116
<b>Samtals</b>	<b>1.660.357.863</b>
<b>Hreinn kostnaður eða ábati</b>	<b>- 866.798.336</b>

*Skýring:* Samantekt rannsakanda.

Liðir eru ýmist unnir upp úr ársreikningum MB eða Borgarbyggðar og áætlaðir liðir hafa verið útskýrðir í kaflanum hér að framan.

## 5.6 Ábati nemenda í heimabyggð

Erfitt reyndist að nálgast upplýsingar um kostnað vegna framfærslu framhaldsskólanema fjarri lögheimili til að finna út ábata þess í rannsókninni. Rannsakandi styðst hér við könnun sem gerð var árið 1998. Sú könnun var gerð að beiðni menntamálaráðuneytisins og þar var rannsakaður framfærslukostnaður og lögheimilisflutningur íslenskra námsmanna. Hagfræðistofnun Háskóla Ísland vann greininguna og Þórólfur Matthíasson tók skýrsluna saman (Þórólfur Matthíasson, 1998). Í þessari rannsókn eru þær tölur lagðar til grundvallar. Í skýrslunni (1998) kemur fram í samandreginni niðurstöðu að viðbótarkostnaður við að hafa nemanda á framhaldsskólastigi fjarri heimabyggð sé 4-14% af neysluútgjöldum 3-6 manna fjölskyldu (Þórólfur Matthíasson, 1998).

Rannsakandi notar miðgildi talna úr fyrrnefndri könnun og uppreiknar allar tölur með neysluverðsvísitölu til verðlags ársins 2021. Rannsakandi fann þannig út áætlaðan kostnað fyrir níu mánaða tímabil á hvern nemanda í MB sem dvelur fjarri lögheimili. Í þeirri tölu er búið að taka tilliti til sparnaðar stórfjölskyldunnar við að hafa ungling heima og einnig draga frá dreifbýlisstyrk. Með sparnaði stórfjölskyldu er átt við sparnað í matarkaupum fyrir níu mánaða tímabil.


Grunntalan sem notuð var er frá 1998 og er 225 þúsund fyrir 9 mánuði. Þessi tala var uppreiknuð miðað við neysluverðsvísitölu hvers árs árána 2007-2021 og að lokum á verðlag í árslok 2021. Ákveðið var að nota svo 90% af þeirri tölu og miða við nemendafjölda MB ár hvert. Með þessu er reynt að nálgast tölu sem sparast hjá fjölskyldum innan Borgarbyggðar og þær þyrftu að öðrum kosti að greiða inn í annað sveitarfélag þar sem nemendur dveldu og væru í námi.

Miðað við þessar forsendur áætla rannsakandi að ábati fjölskyldna innan sveitarfélagsins miðað við 90% nemendafjölda MB sé 1.197 milljónir á 15 árum. Með því er lagt upp með að 10% af nemendum hefðu ekki farið í nám hefði MB ekki verið til staðar. Einhverjir nemendur koma frá öðrum sveitarfélögum til náms í MB og eitthvað er um brottfall. Ekki var unnt að nálgast nemendaskrá með lögheimilum til að sundurgreina hvaðan nemendur komu. Með því að skilja eftir 10% af heildartölu þá er komið til móts við mögulega skekkju í greiningu.

Breytileikinn er töluverður eftir því hvaða hlutföll voru notuð en samanlagður ábati hefði fyrst orðið neikvæður ef notast hefði verið við 60%, en rannsakandi styðst við 90% í þessari rannsókn eins og gert er grein fyrir á töflu nr. átta.

Upphæð áætlaðs ábata hvers árs miðað við 90% má sjá á mynd nr. níu.

## Mynd 9 Áætlaður ábati nemenda í heimabyggð árin 2007-2021



*Skýring:* Samantekt rannsakanda.

Með því að nota 90% af útreiknaðri upphæð telur rannsakandi að allrar varkárni sé gætt svo síður myndist skekkja í gögnum. Sviðsmyndagreining sem kynnt er á töflu nr. átta sýnir hversu viðkvæm gögnin eru fyrir breytingum á þessari prósentu.

**Tafla 8** Sviðsmyndagreining - mismunandi prósentu hlutfall ábata nemendafjölda MB.

Sviðsmyndir	100% af ábata nemenda	90% af ábata nemenda	80% af ábata nemenda	70% af ábata nemenda	60% af ábata nemenda	50% af ábata nemenda
<b>Kostnaður</b>						
Afborgun lána	359.292.983	359.292.983	359.292.983	359.292.983	359.292.983	359.292.983
Vaxtagjöld og verðbætur	638.176.700	638.176.700	638.176.700	638.176.700	638.176.700	638.176.700
Annar rekstrarkostnaður húss	271.171.932	271.171.932	271.171.932	271.171.932	271.171.932	271.171.932
Laun húsvaðar áætlun	55.226.695	55.226.695	55.226.695	55.226.695	55.226.695	55.226.695
Millifærsla vegna menningarhúss	450.581.050	450.581.050	450.581.050	450.581.050	450.581.050	450.581.050
Notkun íþróttamannvirkja áætlun	83.898.092	83.898.092	83.898.092	83.898.092	83.898.092	83.898.092
Fasteignagjöld áætlun	121.261.147	121.261.147	121.261.147	121.261.147	121.261.147	121.261.147
Húsaleiga Bb til Menntaborgar	440.525.094	440.525.094	440.525.094	440.525.094	440.525.094	440.525.094
Hlutfé í MB gr af Borgarbyggð	107.022.506	107.022.506	107.022.506	107.022.506	107.022.506	107.022.506
<b>Samtals kostnaður</b>	<b>2.527.156.199</b>	<b>2.527.156.199</b>	<b>2.527.156.199</b>	<b>2.527.156.199</b>	<b>2.527.156.199</b>	<b>2.527.156.199</b>
<b>Ábati</b>						
Nemendur dvelja í heimabyggð	1.330.508.556	1.197.457.700	1.064.406.845	931.355.989	798.305.134	665.254.278
Húsaleiga sem MB greiðir til Borgarbyggðar	639.654.944	639.654.944	639.654.944	639.654.944	639.654.944	639.654.944
Önnur leiga. Eigin stofnanir og útleiga húss	512.701.065	512.701.065	512.701.065	512.701.065	512.701.065	512.701.065
Tekjur frá nemendum	75.275.337	75.275.337	75.275.337	75.275.337	75.275.337	75.275.337
Mötuneyti	57.471.554	57.471.554	57.471.554	57.471.554	57.471.554	57.471.554
Annað	40.457.847	40.457.847	40.457.847	40.457.847	40.457.847	40.457.847
Útsvar áætlun	334.797.116	334.797.116	334.797.116	334.797.116	334.797.116	334.797.116
<b>Samtals ábati</b>	<b>2.990.866.419</b>	<b>2.857.815.563</b>	<b>2.724.764.708</b>	<b>2.591.713.852</b>	<b>2.458.662.997</b>	<b>2.325.612.141</b>
<b>Hreinn ávinningur eða kostnaður</b>	<b>463.710.220</b>	<b>330.659.364</b>	<b>197.608.509</b>	<b>64.557.653</b>	<b>- 68.493.202</b>	<b>- 201.544.058</b>

*Skýring:* Á töflu nr. átta sést breytileikinn í útkomu greiningarinnar ef notaðar væru lægri prósentur, þar sést hversu miklu munar á hverjum 10% sem sett eru upp í greiningunni.

Samantekt rannsakanda.

---

## 6. Niðurstöður og umræður

Í þessari rannsókn var markmiðið að svara rannsóknarspurningunni „Hver voru fjárhagsleg áhrif Menntaskóla Borgarfjarðar á Borgarbyggð og hver voru áhrif hans á fjárhag heimila í Borgarbyggð á tímabilinu 2007-2021“

Með fræðilegri kynningu á framhaldsskólum, hagrænu gildi menntunar, Menntaskóla Borgarfjarðar, sveitarfélaginu Borgarbyggð og byggingu hússins Hjálmakletts var lagður grunnur fyrir greiningar sem komu í framhaldinu.

Með því að blanda saman eigindlegri og megindlegri aðferð þar sem unnið var með eigindleg viðtöl við hóp fólks ásamt kostnaðar- og ábatagreiningu þá hafa verið dregnar saman upplýsingar sem svöruðu rannsóknarspurningunni. Þegar lagt var mat á hvaða þætti ætti að skoða í kostnaðar- og ábatagreiningu var leitast við að draga fram raunsanna mynd af helstu þáttum. Með því að blanda saman bæði eigindlegri og megindlegri aðferðafræði er notast við samleitandi snið þar sem rannsakandi getur dregið ályktun út frá gögnum beggja rannsóknaraðferða.

Í eigindlegri rannsókn var lögð áhersla á að ræða við hóp fólks sem þekkti vel til stofnunar skólans, reksturs hans og sveitarfélagsins og fá þannig betri innsýn í rekstur og framtíðarsýn viðmælanda fyrir hönd skólans. Viðmælendur voru nokkuð samhljóða í svörum um styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri MB. Í viðtölunum mátti greina að styrkleikinn lá í tæknimálum, framsækni og nálægð við háskólana. Veikleikinn var metinn smæðin og erfiðleikar við sérhæfinguna. Ógnin var helst það að vera háður fjármagni frá ríkinu. Tækifærin töldu viðmælendur að lægju í fjölgun nemenda, skólaakstri og heimavist. Þá væri tækifæri í því að nýta húsið betur. Allir viðmælendur töldu að MB hefði haft jákvæð áhrif á samfélagið, styrkt sjálfsmynd íbúa og þeir finndu fyrir stolti. Skólinn hefði hækkað menntunarstig og tækifærin væru mörg. Einn viðmælandi taldi að stofnun skólans væri það sem hefði haft hvað mest áhrif á samfélagið síðustu áratugi.

Áhugavert er að skoða sjónarmið viðmælanda varðandi ógnina, að það geti verið ógn að skólinn er háður fjármagni ríkisins. MB er framsækinn skóli sem þróar nýjar námsbrautir og mikilvægt er fyrir framtíð skólans að hann hafi tækifæri til að þróa nýjar leiðir en því þarf að fylgja fjármagn. Því er áhyggjuefni ef framhaldsskólar á landsbyggðinni sem þurfa nauðsynlega að þróa nýjar leiðir í námi til að vera samkeppnisfærir, ná ekki að fjármagna slíkt nám.

Þemagreining eigindlegrar rannsóknar dró fram þrjú yfirþemu sem voru fjárhagsleg áhrif, nútíð og framtíð. Þemagreining leiddi í ljós mikilvægi opinberra starfa

---

hjá MB og fjárhagslegan ávinning heimila. Þá kom fram að skólinn væri vel rekinn og skilað hagnaði. Einnig kom fram að það væri ákveðið stolt og menning sem fylgdi skólanum. Er þetta í samhljómi við grein Valgerðar S. Bjarnadóttur og Guðrúnar Ragnarsdóttur (2021) þar sem fram kemur mikilvægi framhaldsskóla á landsbyggðinni og að þar séu störf sem skipti máli. Ekki einungis skipti skólar máli fyrir menntunarstig samfélagsins heldur gegni þeir fjölpættu hlutverki og styrki menningu innan samfélaga. Jafnframt sáu viðmælendur í eigindlegri könnun fyrir sér mikla möguleika til framtíðar í vexti samfélagsins og skólans.

Kostnaðar- og ábatagreiningin í þessari rannsókn er ex-post aðferð sem gerð er eftir að verkefni lýkur, bygging Hjálmakletts og stofnun skólans. Unnið var með tölur úr ársreikningum Borgarbyggðar og MB og er kom að áætluðum kostnaði var kostnaður metinn út frá fyrirfram ákveðnum forsendum.

Helstu fjárhagslegu niðurstöður úr kostnaðar- og ábatagreiningu eru þær að kostnaður sé umfram ábata yfir 15 ára tímabil hjá Borgarbyggð miðað við þær forsendur sem gefnar voru. Nemur sá kostnaður 866,7 milljónum. Reiknaður ábati fyrir fjölskyldur nemenda sem dvelja í heimabyggð eru 1.197 milljónir á 15 ára tímabili. Sé ábati nemenda sem dvelja í heimabyggð tekinn með í útreikninga nemur heildar ábatinn 330,6 milljónir yfir 15 ára tímabil.

Þegar kostnaðar- og ábatagreining er skoðuð miðað við hvert ár koma fram vísbendingar um að ábati umfram kostnað verði til framtíðar fyrir Borgarbyggð þar sem kostnaður dróst saman en tekjur jukust árin 2020 og 2021.

Á það hefur verið bent í íbúakönnunum á vegum SSV að ánægja með aðgengi að menntun hefur aukist á svæðinu. Skoðanakönnun Vífils Karlssonar (2021) leiddi í ljós að tenging var á milli hamingju og meiri menntunar. Í rannsókn Vífils Karlssonar og Önnu Steinsen (2014) kom fram umtalsverð hækkun á menntunarstigi innan Borgarfjarðarsvæðisins. Milli árána 2007-2013 breyttist hlutfall þeirra sem eingöngu voru með grunnskólapróf úr 30% og lækkaði niður í um 19%. Ekki er ólíklegt að þar spili framhaldsskólinn MB hlutverk og að menntunarstig hafi því hækkað í sveitarfélaginu Borgarbyggð. Slíkt er talið auka hagvöxt eins og bent er á í grein Gyfasonar og Zoëga (2003). Má því leiða að því líkum að hamingja hafi einnig aukist í sveitarfélaginu sé horft á niðurstöðu rannsóknar Vífils Karlssonar (2021) um sambengi milli hamingju og meiri menntunar.

---

Rannsakandi telur töluverðan samhljóm í niðurstöðum kostnaðar- og ábatagreiningar og viðtalsrannsóknar. Í viðtölunum kemur fram að viðmælendur telji að menntunarstig hafi hækkað og það sé mikill fjárhagslegur ávinningur af því að þurfa ekki að senda börn burtu í framhaldnám. Einn viðmælandi taldi þannig að fyrir hverja fjölskyldu geti það jafnvel verið andvirði tíu ferða til Kanarí. Kostnaðar- og ábatagreining í rannsókninni dregur fram að mögulegur ábati fjölskyldna nemenda MB sem dvelja í heimabyggð sé 1.197 milljónir á 15 ára tímabili og þar er samhljómur milli rannsókna.

Fram kemur hjá flestum viðmælendum í viðtalsrannsókn mikilvægi þess að nýta húsið betur og er þar samhljómur við rekstrarniðurstöður þar sem það myndi létta umtalsvert á rekstri Hjálmakletts af hálfu Borgarbyggðar ef meiri nýting væri á húsinu. Rekstur Hjálmakletts mætti þannig efla í framtíðinni og fá inn auknar tekjur af húsinu.

Sem svar við rannsóknarspurningunni „Hver voru fjárhagsleg áhrif Menntaskóla Borgarfjarðar á Borgarbyggð og hver voru áhrif hans á fjárhag heimila í Borgarbyggð á tímabilinu 2007-2021“ þá dregur rannsóknin það fram að kostnaður sé umfram ábata af rekstri Hjálmakletts fyrir sveitarfélagið Borgarbyggð sem nemur 866 milljónum en áhrif hans séu jákvæð á fjölskyldur nemenda að upphæð 1.197 milljónir.

Í rannsókninni er ekki lagt fjárhagslegt mat á hamingju, stolt, sterkari sjálfsmynd eða hækkað menntunarstig í upphæðum en öll þessi atriði má lesa út úr viðtölum rannsóknarinnar. Hinsvegar má leiða að því líkum að slík atriði vegi þungt væru þau reiknuð til fjár. Er það í samhljómi við rannsókn Boardman o.fl. (2018) þar sem fram kemur að ávinningur á íbúa er oft þannig að erfitt er að mæla hann í kostnaðar- og ábatagreiningu. Það mætti hugsa sér að framhaldsrannsókn gæti tekið slíkt fyrir og nýtt þar áætlað skuggavirði.

Rannsakandi telur að frekari rannsóknir á gildi framhaldsskóla í heimabyggð gætu aukið enn frekar þekkingu á því hverju framhaldsskóli er að skila í heimabyggð bæði fjárhagslega og með óbeinum áhrifum á samfélagið í heild. Rannsókn þessi tók ekki til byggingartíma hússins eða þeirra tekna og gjalda sem þar runnu til samfélagsins. Þá væri áhugavert að kanna með megindlegri spurningakönnun, hvernig nemendum MB og foreldrum eða forráðamönnum hefði þótt takast til með starfsemi skólans.

---

## 7. Lokaorð

Eins og rannsakandi benti á í upphafi þá er hér verið að skoða rekstur þriggja eininga sem eru Menntaskóli Borgarfjarðar, Hjálmaklettur og Borgarbyggð. Þessar þrjár einingar eru samtvinnaðar og hver og ein getur haft áhrif á afkomu hinna. Hafa ber í huga að húsið Hjálmaklettur var hannað og byggt með annað og meira í huga en að vera eingöngu skólahúsnæði. Það hefði hinsvegar ekki verið byggt nema vegna þeirrar ákvörðunar sem tekin var að stofna MB. Hagur samfélagsins af húsinu er því tvíþættur, þar er MB með aðsetur og þar er menningarhús íbúa sveitarfélagsins. Þó reiknaður kostnaður Borgarbyggðar í þessari rannsókn sé meiri en ábati þá eru innan MB opinber störf, skólinn er vel rekinn og ábati fjölskyldna er samkvæmt rannsókninni umtalsverður. Það að hafa aðgang að menntaskóla og menningarhúsi í heimabyggð er út af fyrir sig ábati sem erfitt að meta til fjár.

MB er ekki stór skóli í samhengi nemendafjölda eða íbúafjölda en hann spilar stórt hlutverk fyrir samfélagið sem og húsið Hjálmaklettur. Þau hlutverk er hægt að efla enn frekar í framtíðinni.

---

## 8. Heimildaskrá

Ágúst Einarsson. (2007). *Rekstrarhagfræði* (2007). Mál og menning.

Alþingi. (2018). *Rekstur framhaldsskóla*. Alþingi. <https://www.althingi.is/altext/148/s/1016.html>

Árni Daníel Júlíusson, Jón Ólafur Ísberg og Helgi Skúli Kjartansson. (1993). *Íslenskur Sögu atlas. Saga framtíðar—20. Öldin*. Iðunn Reykjavík.

Ása Sigurlaug Harðardóttir, Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir, Ulla R Pedersen og Stefán Þ Þórsson Stephensen. (2011). *Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2022*.

<http://skipulagsaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=23634629127848933452>

Bjarni Frímánn Karlsson. (2007). *Sá á kvölina sem á völinu* (Rannsóknir í félagsvísindum VIII). Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Boardman, A. E., Greenberg, D. H., Vining, A. R. og Weimer, D. L. (2018). *Cost-Benefit Analysis: Concepts and Practice* (5. útgáfa.). Cambridge University Press.

Borgarbyggð. (2005). *Bæjarráð—504. Fundur—04.08.2005*. Borgarbyggð.

<https://www.borgarbyggd.is/is/stjornsysla/stjornkerfi/fundargerdir/baejarrad/7768>

Borgarbyggð. (2006a). *Nýr Framhaldsskóli í Borgarnesi*. Borgarbyggð.

<https://www.borgarbyggd.is/is/stjornsysla/stjornkerfi/frettir-ur-borgarbyggd/nyrfrahaldsskoliiborgarnesi!>

Borgarbyggð. (2006b). *Stofnfundur Menntaskóla Borgarfjarðar*. Borgarbyggð.

<https://www.borgarbyggd.is/is/stjornsysla/stjornkerfi/frettir-ur-borgarbyggd/stofnfundurmenntaskolaborgarfjarðar>

Borgarbyggð. (2008). *Ársreikningur Borgarbyggðar 2008*.

<https://www.borgarbyggd.is/static/files/Gjaldskrar/arsreikningar/arsreikningur-borgarbyggd-2008.pdf>



---

Borgarbyggð. (2009). *Ársreikningur Borgarbyggðar 2009*.

<https://www.borgarbyggd.is/static/files/Gjaldskrar/arsreikningar/arsreikningur-borgarbyggd-2009.pdf>

Borgarbyggð. (2010a). *Ársreikningur Borgarbyggðar 2010*.

<https://www.borgarbyggd.is/static/files/Gjaldskrar/arsreikningar/arsreikningur-borgarbyggd-2010.pdf>

Borgarbyggð. (2010b). *Borgarbyggð eigandi Hjálmakletts*. Borgarbyggð.

<https://www.borgarbyggd.is/is/stjornsysla/stjornkerfi/frettir-ur-borgarbyggd/borgarbyggdeigandihjalmakletts>

Borgarbyggð. (2022a). *Hjálmaklettur*. Borgarbyggð.

<https://www.borgarbyggd.is/is/thjonusta/atvinnumal/hjalmaklettur>

Borgarbyggð. (2022b). *Saga Borgarbyggðar*. Borgarbyggð.

<https://www.borgarbyggd.is/is/mannlif/vidburdir/um-borgarbyggd>

Borgarbyggð. (2022c). *Ársreikningar*. Borgarbyggð.

<https://www.borgarbyggd.is/is/stjornsysla/fjarmal/arsreikningar>

Borgarbyggð hyggst kaupa mennta- og menningarhúsið í Borgarnesi—Skessuhorn—Fréttir af Vesturlandi. (2010, 13. ágúst). *Skessuhorn*.

<https://skessuhorn.rat.nepal.is/frettir/nr/105809/>

Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson. (2017). *Menntaskóli Borgarfjarðar—Úttekt á starfsemi unnin fyrir mennta- og menningarráðuneyti*.

[https://mms.is/sites/mms.is/files/menntaskoli\\_borgarfjardar\\_2017.pdf](https://mms.is/sites/mms.is/files/menntaskoli_borgarfjardar_2017.pdf)

Byggðastofnun. (2022a). *Íbúafjöldi í ársbyrjun*. Byggðastofnun.

<https://www.byggdastofnun.is/is/utgefid-efni/maelabord/ibuafjoldi-1-januar>

Byggðastofnun. (2022b). *Ríkisstörf*. Byggðastofnun. <https://www.byggdastofnun.is/is/utgefid-efni/maelabord/rikisstorf>

---

Egill Ólafsson og Heiðar Lind Hansson. (2017). *Bærinn við brúna. Saga Borgarness II.*

Bókaútgáfan Opna.

Fjarntenntaskólarnir. (2022). *Fjarntenntaskólinn*. Fjarntenntaskólinn - » Almennt Fjarnám.

[https://www.fjarntenntaskolinn.is/?page\\_id=286](https://www.fjarntenntaskolinn.is/?page_id=286)

Fjölbrautaskóli Snæfellinga. (2022). *Skólinn*. Fjölbrautaskóli Snæfellinga.

<https://www.fsn.is/is/skolinn/skolaakstur-1>

Greenaway, D. og Haynes, M. (ritstj.). (2004). *Funding higher education*. Edward Elgar.

Gunnar Einarsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Ragnar Þorsteinsson, Björn Þráinn Þórðarson,

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, Anna Kristín Sigurðardóttir og Skúli Helgason. (2014).

*Skólar og menntun í fremstu röð.*

[https://ssh.is/images/stories/S%C3%B3knar%C3%A1%C3%A6tlun/Lokaskyrslur/Sk%C3%B3lar/SkolarFremst\\_MatYfirfaerslu\\_hluti1\\_NET%206LOK.pdf](https://ssh.is/images/stories/S%C3%B3knar%C3%A1%C3%A6tlun/Lokaskyrslur/Sk%C3%B3lar/SkolarFremst_MatYfirfaerslu_hluti1_NET%206LOK.pdf)

Gylfason, T. og Zoega, G. (2003). Education, Social Equality and Economic Growth: A View of the Landscape. *CESifo Economic Studies*, 49, 557–579.

<https://doi.org/10.1093/cesifo/49.4.557>

Hagstofa Íslands. (2022a). *Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2022*—

*Sveitarfélagaskipan hvers árs*. Hagstofa Íslands - Talnaefni.

[https://px.hagstofa.is:443/pxispxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar\\_mannfjoldi\\_2\\_byggdir\\_sveitarfelog/MAN02001.px/](https://px.hagstofa.is:443/pxispxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar_mannfjoldi_2_byggdir_sveitarfelog/MAN02001.px/)

Hagstofa Íslands. (2022b). *PX-Web—Tafla*.

[https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Efnahagur/Efnahagur\\_visitolur\\_1\\_vnv\\_1\\_vnv/VI\\_S01005.px/table/tableViewLayout1/?rxid=29a50372-5a4c-4515-93f0-14f6f379fd24](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Efnahagur/Efnahagur_visitolur_1_vnv_1_vnv/VI_S01005.px/table/tableViewLayout1/?rxid=29a50372-5a4c-4515-93f0-14f6f379fd24)

Háskólinn á Bifröst. (2022a). *Ágrip af sögu skólastarfs á Bifröst*. <https://www.bifrost.is/um-haskolann/saga>

---

Háskólinn á Bifröst. (2022b). *Punktur úr sögu Háskólans á Bifröst*. <https://www.bifrost.is/um-haskolann/saga/punktur-ur-sogu-haskolans-a-bifrost>

Húsmæðraskóli til sölu.(2015, 15. september).

*Morgunblaðið*.<https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1567695/>

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. (2022). *Fasteignaskrá*. Leit í Fasteignaskrá.

<https://fasteignaskra.is/default.aspx?pageid=d5db1b6d-0650-11e6-943c-005056851dd2&selector=streetname&pos=fp-box&streetname=borgarbraut+54>

Íbúafjöldi í fyrsta sinn á fimmta þúsundið í Borgarbyggð.(2022, 22. ágúst) *Skessuhorn*.

<https://skessuhorn.is/2022/08/22/ibuafjoldi-i-fyrsta-sinn-a-fimmta-thusundid-i-borgarbyggd/>

Jón Bjarki Bentsson og Þórhallur Ásbjörnsson. (2004). *Arðsemi menntunar á Íslandi*.

[https://ioes.hi.is/files/2021-05/Ardsemi\\_menntunar\\_a\\_Islandi.pdf](https://ioes.hi.is/files/2021-05/Ardsemi_menntunar_a_Islandi.pdf)

Jong, G. de, Vignetti, S. og Pancotti, C. (2019). Ex-post evaluation of major infrastructure projects. *Transportation Research Procedia*, 42, 75–84.

<https://doi.org/10.1016/j.trpro.2019.12.008>

Kolfinna Jóhannesdóttir og Vífill Karlsson. (2010). *Álitsgerð Áhrif af háskólastarfsemi á samfélag og efnahag í Borgarbyggð*. 17. [https://ssv.is/Files/Skra\\_0069200.pdf](https://ssv.is/Files/Skra_0069200.pdf)

Landbúnaðarháskóli Íslands. (2022). *UGLA - Kennsluskrá 2022-2023*.

[https://ugla.lbhi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=600008\\_20216&kennsluar=2022](https://ugla.lbhi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=600008_20216&kennsluar=2022)

Lög um framhaldsskóla nr. 92, (2008). <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008092.html>

Lögræðislög nr. 71, (1996). <https://www.althingi.is/lagas/152c/1997071.html>

Magnús Þorkelsson. (2011). *Hverjir eru valkostir nýnema í framhaldsskólum?*

<https://skemman.is/bitstream/1946/12428/1/magnusth.pdf>

---

Menntamálaráðuneytið. (2006). *Skýrsla nefndar um staðsetningu nýrra framhaldsskóla.*

[https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/skyrsla\\_stadsetning\\_nyrra\\_frhsk.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/skyrsla_stadsetning_nyrra_frhsk.pdf)

Menntamálastofnun. (2022a). *Fjöldi framhaldsskóla.*

<https://app.powerbi.com/view?r=eyJrIjoiYWJhZDk3MTU0NWFiZC00MjNkLTgzNTMtN2I3MWQ3OGZlMTg0IiwidCI6ImM0MjQyMjAwLWZlYzUtNGYzYS1iMTU5LTQwZDY3MDJhZjBkYSIsImMiOjh9>

Menntamálastofnun. (2022b). *Listi yfir skóla / Menntamálastofnun.*

<https://app.powerbi.com/view?r=eyJrIjoiYWJhZDk3MTU0NWFiZC00MjNkLTgzNTMtN2I3MWQ3OGZlMTg0IiwidCI6ImM0MjQyMjAwLWZlYzUtNGYzYS1iMTU5LTQwZDY3MDJhZjBkYSIsImMiOjh9>

Menntaskóli Borgarfjarðar. (2022a). *Námið.* Menntaskóli Borgarfjarðar.

<https://menntaborg.is/namid/>

Menntaskóli Borgarfjarðar. (2022b). *Upphaf skólustarfs í Menntaskóla Borgarfjarðar.*

Menntaskóli Borgarfjarðar. <https://menntaborg.is/skolinn/>

Menntaskóli Borgarfjarðar. (2022c) *Ársreikningar og ársskýrslur.* Menntaskóli Borgarfjarðar.

<https://menntaborg.is/skolinn/gaedamal/skyrslur/arsreikningar-og-arsskyrslur/>

Menntaskóli Borgarfjarðar settur í fyrsta sinn—Skessuhorn—Fréttir af Vesturlandi. (2007, 23.

ágúst) Skessuhorn. <https://skessuhorn.rat.nepal.is/frettir/nr/60274/>

Reglugerð um námsstyrki nr. 692, (2003). [https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/0692-](https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/0692-2003)

[2003](https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/0692-2003)

Samantekt: Byggingaframkvæmdir MB (skýrsla). (2008). Bygginganefnd og stjórn MB.

Samband íslenskra sveitarfélaga. (2022). *Sveitarfélögin.* Samband íslenskra sveitarfélaga.

<https://www.samband.is/sveitarfelogin/>

Sigríður Halldórsdóttir. (ritstj.). (2016). *Handbók í aðferðafræði rannsókna.* Háskólinn á

Akureyri.

- 
- Snorrastofa. (2022). *Saga Reykhólts*. <https://www.snorrastofa.is/reykholt/saga-reykholts>
- SPM leggur hlutafé í skóla. (2005). *Fréttablaðið*, 19. Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn. <https://timarit.is/page/3860724>
- Stafrænt Ísland. (2022). *Reglugerðasafn*. <https://island.is/reglugerdir?ch=21c>
- Stefán Ólafsson. (1997). Búseta á Íslandi. *Byggðastofnun*. [https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/5847/busetu\\_a\\_islandi.pdf?sequence=1](https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/5847/busetu_a_islandi.pdf?sequence=1)
- Stobierski, T. (2019). *Cost-Benefit Analysis*. Business Insights Blog. <https://online.hbs.edu/blog/post/cost-benefit-analysis>
- Tryggvi Þór Herbertsson. (1997). *Menntun, mannaúður og framleidni*. [https://ioes.hi.is/files/2021-05/Menntun\\_mannaudur\\_og\\_framleidni.pdf](https://ioes.hi.is/files/2021-05/Menntun_mannaudur_og_framleidni.pdf)
- Valgerður S. Bjarnadóttir og Guðrún Ragnarsdóttir. (2021). „Við skiptum máli fyrir samfélagið“. Samfélagslegt mikilvægi og flókin samkeppnisstaða tveggja framhaldsskóla í dreifðum byggðum. *Tímarit Um Uppeldi Og Menntun*, 30, 67–87. <https://doi.org/10.24270/tuum.2021.30.8>
- Vífill Karlsson. (2005). Um landfræðilegt misræmi milli fjármögnunar og umsvifa hins opinbera og afleiðingar þess fyrir landshluta á Íslandi. *Calculus Ehf.*
- Vífill Karlsson. (2019). *Ríkisstörf á Vesturlandi*. <https://ssv.is/wp-content/uploads/2020/01/Rikisstorf-2019-lokaskjal.pdf>
- Vífill Karlsson. (2021). *Grasrótin og gervigreind: Geta mennta- og menningarstofnanir fleytt landsbyggðinni inn í framtíðina*. byggdastofnun.is. <https://www.byggdastofnun.is/is/moya/page/byggdaradstefnan-2021>
- Vífill Karlsson og Anna Steinsen. (2014). *Íbúakönnun á vesturlandi*. [http://ssv.is/Files/Skra\\_0067148.pdf](http://ssv.is/Files/Skra_0067148.pdf)

---

Vífill Karlsson og Guðný Anna Vilhelmsdóttir. (2008). *Íbúakönnun á Vesturlandi: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á Vesturlandi.*

[http://nepal.vefurinn.is/Nepal\\_Skrar/Skra\\_0027390.pdf](http://nepal.vefurinn.is/Nepal_Skrar/Skra_0027390.pdf)

Þorlákur Axel Jónsson. (2019). Er búsetumunur á námsárangri þegar ólík þjóðfélagsstaða er tekin með í reikninginn? *Tímarit um uppeldi og menntun*, 28(1).

<https://doi.org/10.24270/tuum.2019.28.4>

Þórólfur Matthíasson. (1998). *Framfaerslukostnadir og logheimilisflutningur islenskra namsmanna.* <http://www.ioes.hi.is/sites/hhi.hi.is/files/C-Series/1998/C9806->

[Framfaerslukostnadir-og-logheimilisflutningur-islenskra-namsmanna.pdf](http://www.ioes.hi.is/sites/hhi.hi.is/files/C-Series/1998/C9806-Framfaerslukostnadir-og-logheimilisflutningur-islenskra-namsmanna.pdf)

## 9. Viðaukar

### 9.1 Viðauki 1. Trúnaðarbréf

#### BS ritgerð í viðskiptafræði við Háskólann á Bifröst

##### Undirbúningur fyrir viðtal

Viðtalið verður tekið á skrifstofu xxx í Borgarnesi.

##### Rannsóknarspurningin:

Hvaða fjárhagslegu áhrif hefur Menntaskóli Borgarfjarðar  
haft í Borgarbyggð frá árinu 2007

Ágæti viðmælandi

Ég heiti Helga Halldórsdóttir og er nemandi í viðskiptafræði í Háskólanum á Bifröst. Ég er að vinna að BS ritgerð minni sem er lokaverkefni í náminu. Leiðbeinandi minn er Árni Sverrir Hafsteinsson.

Ég vil þakka þér fyrir að samþykkja að veita mér viðtal. Farið verður með öll gögn sem trúnaðarmál og nafn þitt mun hvergi koma fram. Gögnin verða einungis notuð í þessu verkefni og í engum öðrum tilgangi. Þér er ekki skylt að svara einstökum spurningum og þú getur dregið þig í hlé hvenær sem er.

Ef einhverjar spurningar vakna getur þú haft samband við mig [helgah19@bifros.is](mailto:helgah19@bifros.is) eða leiðbeinanda minn [arni@bifrost.is](mailto:arni@bifrost.is)

**Samþykki:** Ég staðfesti að ég heimila Helgu Halldórsdóttur að nota niðurstöður viðtalsins í verkefni í BS lokaritgerð við Háskólann á Bifröst.

Kærar kveðjur,

Helga Halldórsdóttir, nemandi í Háskólanum á Bifröst

**UNDIRSKRIFT RANNSAKANDA:** \_\_\_\_\_

**NETFANG OG SÍMANÚMÉR:** \_\_\_\_\_

**DAGS:** \_\_\_\_\_ **UNDIRSKRIFT VIÐMÆLANDA:** \_\_\_\_\_

---

## 9.2 Viðauki 2. Viðtalsrammi

### Spurningar:

1. Hvert er starf þitt hjá fyrirtækinu?
2. Hversu lengi hefur þú verið í þeirri stöðu?
3. Hverja telur þú vera helstu styrkleika MB ?
4. Hverja telur þú vera helstu veikleika MB ?
5. Hverja telur þú vera helstu ógnanir í rekstri MB ?
6. Hver telur þú að séu helstu tækifæri í rekstri MB ?
7. Hvernig metur þú stöðu MB innan samfélagsins ?
8. Hvaða áhrif telur þú MB hafa haft á sveitarfélagið ?
9. Hvernig sérð þú MB þróast á næstu árum ?
10. Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri ?



## 9.3 Viðauki 3. Heildartafla kostnaðar- og ábatagreiningar

Tafla 9 Viðauki - Heildartafla kostnaðar- og ábatagreiningar

Kostnaðar - og ábatagreining																
	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	Samtals
<b>Kostnaður</b>																
Afborgun lána					31.092.135	30.431.091	38.531.048	43.824.510	32.926.168	32.373.995	31.811.287	30.985.928	30.073.410	29.243.411	28.000.000	359.292.983
Vaxtagjöld og verðbætur					75.712.203	82.684.095	85.423.193	80.740.746	61.958.817	63.961.764	50.893.514	44.226.879	45.599.882	26.237.607	20.738.000	638.176.700
Annar rekstrarkostnaður húss					23.098.233	21.374.732	27.273.567	23.258.651	22.814.307	22.849.103	28.753.995	23.869.124	25.767.542	25.486.678	26.626.000	271.171.932
Laun húsvaðar áætlud		3.757.876	3.955.658	4.163.851	4.383.001	3.098.000	3.252.900	3.415.545	3.586.322	3.765.638	3.953.920	4.151.616	4.359.197	4.577.157	4.806.015	55.226.696
Millifært vegna menningarhúss					30.229.982	28.738.645	35.861.497	35.099.528	55.739.299	54.920.170	55.669.752	31.871.240	46.398.976	38.851.961	37.200.000	450.581.050
Notun íþróttamannvirka	2.636.099	5.129.016	5.796.242	6.316.427	6.128.736	6.092.635	5.753.347	6.037.897	5.607.989	7.076.780	5.800.333	3.964.019	5.479.223	6.427.528	5.651.820	83.898.091
Fasteignagjöld áætlud				11.704.004	11.571.714	11.469.321	11.052.267	10.568.276	10.379.595	10.009.995	9.640.395	9.270.795	8.901.195	8.531.595	8.161.995	121.261.147
Húsaleiga til Menntaborgar ehf		181.724.505	134.045.379	124.755.210												440.525.094
<b>Einskiptis kostnaður</b>																-
Hlutafé í MB Borgarbyggð (2006)	107.022.506															107.022.506
<b>Kostnaður</b>	<b>109.658.605</b>	<b>190.611.397</b>	<b>143.797.279</b>	<b>146.939.492</b>	<b>182.216.004</b>	<b>183.888.519</b>	<b>207.147.819</b>	<b>202.945.153</b>	<b>193.012.497</b>	<b>194.957.445</b>	<b>186.523.196</b>	<b>148.339.601</b>	<b>166.579.425</b>	<b>139.355.937</b>	<b>131.183.830</b>	<b>2.527.156.199</b>
Kostnaður uppsafnað	109.658.605	300.270.002	444.067.281	591.006.773	773.222.777	957.111.296	1.164.259.115	1.367.204.268	1.560.216.765	1.755.174.210	1.941.697.406	2.090.037.007	2.256.616.432	2.395.972.369	2.527.156.199	
<b>Ábati</b>																
Húsaleiga sem MB greiðir Borgarbyggð		32.713.682	57.430.622	56.776.453	56.227.818	55.865.920	49.937.306	46.254.358	41.392.897	41.392.461	40.218.554	40.613.695	40.706.504	40.523.009	39.601.665	639.654.944
Önnur leiga. Eigin stofnanir og útleiga húss		46.304.534	51.857.467	54.656.506	56.838.552	41.411.893	32.244.720	29.040.105	29.579.603	28.025.175	27.922.731	26.972.326	25.922.633	31.342.485	30.582.335	512.701.065
Tekjur frá nemendum		6.412.618	7.098.560	8.401.729	6.522.776	6.846.552	4.770.255	4.507.323	4.042.863	4.577.452	4.249.306	3.763.684	4.091.058	4.573.461	5.417.700	75.275.337
Mötuneyti			2.815.763	3.768.209	4.544.425	3.881.351	4.058.635	3.195.435	4.483.068	5.712.743	5.976.341	4.988.416	4.328.208	2.728.600	6.990.360	57.471.554
Önnur sala			2.216.474	209.427	381.746	657.414	1.657.392	2.309.773	1.789.364	1.022.430		966.890				11.210.910
Sérverkefni	4.045.527			4.244.641	2.616.471	2.511.255	221.926									13.639.820
Aðrar tekjur	1.199.406	218.200	1.444.023	1.138.398	1.700.589	2.538.089	637.093	81.828		163.722	1.186.383		813.605	2.532.781	1.953.000	15.607.117
Útsvar áætlad	8.584.114	27.749.479	20.287.801	19.598.768	19.816.979	20.063.783	20.908.011	18.623.079	21.440.464	24.375.338	27.188.798	24.776.795	25.247.331	26.947.235	29.189.141	334.797.116
<b>Ábati</b>	<b>13.829.047</b>	<b>113.398.513</b>	<b>143.150.710</b>	<b>148.794.131</b>	<b>148.649.356</b>	<b>133.776.257</b>	<b>114.435.338</b>	<b>104.011.901</b>	<b>102.728.259</b>	<b>105.269.321</b>	<b>106.742.113</b>	<b>102.081.806</b>	<b>101.109.339</b>	<b>108.647.571</b>	<b>113.734.201</b>	<b>1.660.357.863</b>
Ábati uppsafnað	13.829.047	127.227.560	270.378.270	419.172.401	567.821.757	701.598.014	816.033.352	920.045.253	1.022.773.512	1.128.042.833	1.234.784.946	1.336.866.752	1.437.976.091	1.546.623.662	1.660.357.863	
<b>Hreinn ávinningur eða kostnaður</b>	<b>-</b>	<b>95.829.558</b>	<b>-</b>	<b>77.212.884</b>	<b>-</b>	<b>646.569</b>	<b>1.854.639</b>	<b>-</b>	<b>33.566.648</b>	<b>-</b>	<b>50.112.262</b>	<b>-</b>	<b>92.712.481</b>	<b>-</b>	<b>98.933.252</b>	<b>-</b>

Skýring: Samantekt rannsakanda.

